

VIÐAUKI I
SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

Lyfið er ekki lengur með markaðsleyfi

▼ Þetta lyf er undir sérstöku eftirliti til að nýjar upplýsingar um öryggi lyfsins komist fljótt og örugglega til skila. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu. Í kafla 4.8 eru upplýsingar um hvernig tilkynna á aukaverkanir.

1. HEITI LYFS

INCIVO 375 mg filmuhúðaðar töflur.

2. INNIHALDSLÝSING

Hver filmuhúðuð tafla inniheldur 375 mg af telapreviri.

Hjálparefni: 2,3 mg af natríum í hverri filmuhúðaðri töflu.

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Filmuhúðuð tafla.

Gul, hylkislaga tafla, u.þ.b. 20 mm að lengd, merkt með „T375“ á annari hliðinni.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

INCIVO er ætlað til meðferðar við langvinnri lifrabólgu C af arfgerð 1, í samsettri meðferð með peginterferoni alfa og ribavíríni, hjá fullorðnum sjúklingum með starfhæfa lifur þrátt fyrir lifrarsjúkdóm (þ.m.t. skorpulifur):

- sem ekki hafa fengið meðferð áður;
- sem hafa áður fengið meðferð með interferoni alfa (pegýleruðu eða ekki pegýleruðu) einu sér eða í samsettri meðferð með ribavíríni, þ.m.t. þeim sem hafa fengið bakslag, þeim sem svara meðferð að hluta og þeim sem svara ekki meðferð (sjá kafla 4.4 og 5.1).

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Læknir með reynslu af meðferð við langvarandi lifrabólgu C skal hefja og hafa eftirlit með meðferð með INCIVO.

Skammtar

Nota INCIVO 1.125 mg (þrjár 375 mg filmuhúðaðar töflur) til inntöku tvisvar sinnum á sólarhring með mat. Einnig má nota 750 mg (tvær 375 mg töflur) til inntöku á 8 klst. fresti með mat.

Heildarskammtur á sólarhring er 6 töflur (2.250 mg). Taka INCIVO án matar eða án tillits til matmengdar milli skammta getur leitt til lækkaðrar plasmabéttni telaprevirs sem gæti dregið úr meðferðaráhrifum INCIVO.


INCIVO á að nota í samsettri meðferð með ribavíríni og annaðhvort peginterferoni alfa-2a eða -2b. Vinsamlegast lesið kafla 4.4 og 5.1 um val á peginterferon alfa-2a eða -2b. Nauðsynlegt er að lesa nákvæmar skammtaleiðbeiningar fyrir peginterferon alfa og ribavírín í samantekt á eiginleikum lyfs (SPC) fyrir þessi lyf.

Lengd meðferðar – fullorðnir sem ekki hafa fengið meðferð áður og þeir sem hafa fengið bakslag eftir fyrri meðferð

Hefja verður meðferð með INCIVO í samsettri meðferð með peginterferoni alfa og ribavíríni og nota það í 12 vikur (sjá mynd 1).

- Hjá sjúklingum þar sem ribósakjarnsýra lifrabólgu C veiru (HCV RNA) er ekki mælanleg (það sem meðferðin beinist að greinist ekki) í 4. og 12. viku skal gefa 12 vikna viðbótarmeðferð með peginterferoni alfa og ribavíríni eingöngu, þar til heildarmeðferðartími er 24 vikur.
- Hjá sjúklingum þar sem ribósakjarnsýra lifrabólgu C veiru (HCV RNA) er mælanleg annað hvort í 4. eða 12. viku skal gefa 36 vikna viðbótarmeðferð með peginterferoni alfa og ribavíríni eingöngu, þar til heildarmeðferðartími er 48 vikur.
- Fyrir alla sjúklinga með skorpulífur óháð því hvort HCV RNA sé mælanlegt eða ekki (það sem meðferðin beinist að greinist ekki) í 4. og 12. viku er mælt með 36 vikna viðbótarmeðferð með peginterferoni alfa og ribavíríni eingöngu, þar til heildarmeðferðartími er 48 vikur (sjá kafla 5.1).

Mynd 1: Lengd meðferðar hjá sjúklingum sem ekki hafa fengið meðferð áður og þeim sem hafa fengið bakslag eftir fyrri meðferð




Mæla skal HCV RNA gildi í 4. og 12. viku til að ákveða lengd meðferðar. Í III. stigs rannsóknum var næm PCR rauntímagreining, sem takmarkaðist við 25 a.e./ml magngreiningu og 10-15 a.e./ml mælanleg mörk, notuð til að ákvarða hvort HCV RNA gildi væru mælanleg (það sem meðferðin beinist að greinist ekki) (sjá kafla 5.1). Ekki skal nota mælanleg HCV RNA gildi, sem eru undir neðri mörkum magngreiningar, sem staðgengið fyrir „mælanleg“ (það sem meðferðin beinist að greinist ekki), til að ákveða lengd meðferðar vegna þess að það getur leitt til ófullnægjandi meðferðarlengdar og hærri bakslagstíðni. Sjá töflu 1 fyrir leiðbeiningar um hvernig hætta skal meðferð með INCIVO, peginterferoni alfa og ribavíríni.

Lengd meðferðar – Fullorðnir sem áður hafa svarað meðferð að hluta og þeir sem ekki hafa svarað meðferð

Hefja verður meðferð með INCIVO í samsettri meðferð með peginterferoni alfa og ribavíríni í 12 vikur og síðan áfram haldandi meðferð með peginterferoni alfa og ribavíríni eingöngu (án INCIVO) þar til heildarmeðferðartíminn er 48 vikur (sjá mynd 2).

Mynd 2: Lengd meðferðar hjá sjúklingum sem áður hafa svarað meðferð að hluta og þeim sem ekki hafa svarað meðferð



Mæla skal HCV RNA gildi í 4. og 12. viku. Sjá töflu 1 fyrir leiðbeiningar um hvernig hætta skal meðferð með INCIVO, peginterferoni alfa og ribavíríni.

Allir sjúklingar

Mjög lítlar líkur eru á að sjúklingar með ófullnægjandi veirusvörun muni ná viðvarandi veirufraðilegri svörun (sustained virological response (SVR)) og því er mælt með því að sjúklingar með HCV RNA > 1.000 a.e./ml í 4. viku eða 12. viku hætti á meðferð (sjá töflu 1).

Tafla 1: Leiðbeiningar um hvernig meðferð með INCIVO, Peginterferoni Alfa og Ribavíríni skal hætt		
Lyf	HCV RNA > 1.000 a.e./ml í 4. meðferðarviku^a	HCV RNA > 1.000 a.e./ml í 12. meðferðarviku^a
INCIVO	Meðferð stöðvuð endanlega	Meðferð með INCIVO kláruð
Peginterferon alfa og Ribavírín	Meðferð stöðvuð endanlega	

^a meðferð með INCIVO, peginterferoni alfa og ribavíríni. Ekki er víst að þessar leiðbeiningar eigi við þessar meðferð með peginterferoni alfa og ribavíríni hefur verið gefin áður en meðferð með INCIVO meðferð hefst (sjá kafla 5.1).

Í III. stigs rannsóknunum náði enginn sjúklinganna, sem hafði HCV RNA > 1.000 a.e./ml í 4. viku eða 12. viku, viðvarandi veirufraðilegri svörun við áframhaldandi meðferð með peginterferoni alfa og ribavíríni. Hjá sjúklingum í III. stigs rannsóknum, sem ekki höfðu fengið meðferð áður, náðu 4/16 (25%) sjúklingar með HCV RNA gildi á bilinu 100 a.e./ml til 1.000 a.e./ml í 4. viku viðvarandi veirufraðilegri svörun. Hjá sjúklingum með HCV RNA á bilinu 100 a.e./ml til 1.000 a.e./ml í 12. viku náðu 2/8 (25%) viðvarandi veirufraðilegri svörun.

Hjá þeim sem ekki hafa sýnt svörun áður ætti að íhuga að gera viðbættarmælingu á HCV RNA milli 4. viku og 12. viku. Ef HCV RNA gildið er > 1.000 a.e./ml, skal hætt meðferð með INCIVO, peginterferoni alfa og ribavíríni.

Hjá sjúklingum sem fá alls 48 vikna meðferð skal hætt meðferð með peginterferoni alfa og ribavíríni ef HCV RNA er mælanlegt í 24. viku eða 36. viku.

Nota verður INCIVO í samsettri meðferð með peginterferoni alfa og ribavíríni til að minnka líkur á meðferðarbresti.

Til að minnka líkur á meðferðarbresti má hvorki minnka skammta né gera hlé á meðferð með INCIVO.

Ekki skal hefja aftur meðferð með INCIVO ef hún hefur verið stöðvuð vegna aukaverkana eða vegna ófullnægjandi veirufraðilegrar svörunar.

Sjá viðeigandi samsetningu á eiginleikum lyfs fyrir peginterferon alfa og ribavírín vegna leiðbeininga um skammtabreytingar, rof meðferðar, stöðvun eða endurtekna meðferð með þessum lyfjum (sjá kafla 4.4).

Ef gleymist að taka skammt af INCIVO, sem er gefið tvisvar sinnum á sólarhring, skal ráðleggja sjúklingi að taka skammtinn með mat eins fljótt og auðið er ef innan við 6 klst. eru liðnar frá því að taka átti lyfið. Ef liðnar eru meira en 6 klst. frá því að taka átti INCIVO á að sleppa þeim skammti og halda síðan áfram að taka næstu skammta samkvæmt áætlun.

Ef gleymist að taka skammt af INCIVO, sem er gefið á 8 klst. fresti, skal ráðleggja sjúklingi að taka skammtinn með mat eins fljótt og auðið er ef innan við 4 klst. eru liðnar frá því að taka átti lyfið. Ef liðnar eru meira en 4 klst. frá því að taka átti INCIVO á að sleppa þeim skammti og halda síðan áfram að taka næstu skammta samkvæmt áætlun.

Sérstakir sjúklingahópar

Skert nýrnastarfsemi

Engar upplýsingar liggja fyrir um notkun INCIVO hjá HCV sjúklingum með í meðallagi eða verulega skerta nýrnastarfsemi (kreatínínúthreinsun (CrCl) ≤ 50 ml/mín.) (sjá kafla 4.4). Hjá HCV-neikvæðum

sjúklingum með verulega skerta nýrnastarfsemi kom ekki fram nein klínískt mikilvæg breyting á útsetningu fyrir telapreviri (sjá kafla 5.2). Því er ekki mælt með aðlögun skammta af INCIVO hjá HCV sjúklingum með skerta nýrnastarfsemi.

Engar klínískar upplýsingar liggja fyrir um notkun INCIVO hjá sjúklingum á blóðskilun.

Sjá einnig samantekt á eiginleikum lyfs fyrir ribavírín varðandi sjúklinga með kreatínínúthreinsun < 50 ml/mín.

Skert lifrarstarfsemi

INCIVO er ekki ætlað sjúklingum með í meðallagi eða mikið skerta lifrarstarfsemi (Child-Pugh B eða C, skor ≥ 7) eða nánast óstarfhæfa lifur (skinuholsvökvi, blæðing vegna portæðaháþrýstings, heilakvilli og/eða gula sem ekki er vegna Gilberts heilkennis, sjá kafla 4.4). Ekki er þörf á skammtabreytingum fyrir INCIVO þegar það er notað handa sjúklingum með lifrabólgu C með væga skerðingu á lifrarstarfsemi (Child-Pugh A, skor 5-6).

Sjá einnig samantekt á eiginleikum lyfs fyrir peginterferon alfa og ribavírín sem ekki má nota ef Child-Pugh skor er ≥ 6 .

HCV/alnæmisveira af tegund 1 (HIV) samhliða sýking

Sjúklinga með HCV/HIV-1 samhliða sýkingar skal meðhöndla á sama hátt og sjúklinga sem eru eingöngu með HCV sýkingu. Nauðsynlegt er taka sérstaklega tillit til milliverkana, sjá kafla 4.4 og 4.5. Sjúklingar á meðferð sem byggist á efavirenz verða að taka 1.125 mg af INCIVO á 8 klst. fresti. Niðurstöður hjá sjúklingum með HIV samhliða sýkingu íra sjá í kafla 5.1.

Lifrarþegar án skorpulifrar

Meðferð með INCIVO verður að hefja í samsettri meðferð með peginterferoni alfa og ribavíríni og gefa í 12 vikur og halda síðan áfram með eingöngu peginterferoni alfa og ribavíríni í 36 vikur til viðbótar þar sem heildarmedferðartími er 48 vikur. Ekki þarf að aðlaga skammta INCIVO þegar ástand lifrarþega er stöðugt (sjá kafla 4.8 og 5.1). Mælt er með minni skammti af ribavíríni (600 mg/sólarhring) við upphaf INCIVO meðferðar (sjá kafla 5.1). Við upphaf og lok INCIVO meðferðar þarf að aðlaga töluvert skammta tacrolimus eða ciclosporíns A sem gefið er samhliða (sjá kafla 4.4 og 4.5, Ónæmisbælandi lyf).

Aldraðir

Takmarkaðar klínískar upplýsingar liggja fyrir um notkun INCIVO hjá HCV sjúklingum ≥ 65 ára.

Börn

Ekki hefur enn verið sýnt fram á öryggi og verkun INCIVO hjá börnum < 18 ára.

Engar upplýsingar liggja fyrir.

Lyfjagjöf

Gefa á sjúklingum fyrirmæli um að kyngja töflunum heilum (þ.e. sjúklingar mega ekki tyggja, brjóta eða koma upp töflurnar).

4.4 Frábendingar

Ónæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnum sem talin eru upp í kafla 6.1.

Samhliða meðferð með virkum efnum sem eru að miklu leyti háð CYP3A með tilliti til úthreinsunar og geta valdið alvarlegum og/eða lífshættulegum aukaverkunum ef plasmáþétni eykst. Þessi virku efni eru m.a. alfuzosín, amiodarón, bepridíl, kínidín, astemizól, terfenadín, cisapríð, pimozíð, ergot afleiður (dihýdróergotamín, ergonovín, ergotamín, metýlergonovín), lovastatín, simvastatín, atorvastatín, sildenafilílf eða tadalafílf (aðeins þegar það er notað til meðhöndlunar á lungnaháþrýstingi), quetiapín og midazolám eða triazolám til inntöku (sjá kafla 4.5).

Samhliða meðferð með lyfjum við hjartsláttartruflunum af flokki Ia eða III, að undanskildu lídókaíni til notkunar í bláæð (sjá kafla 4.5).

Samhliða meðferð INCIVO og virkra efna sem eru öflugir hvatar CYP3A4, t.d. rifampicín, jóhannesarjurt (*Hypericum perforatum*) karbamazepín, fenýtóín og fenobarbital, sem geta dregið úr útsetningu fyrir INCIVO og þar með úr verkun þess.

Sjá lista yfir frábendingar fyrir peginterferon alfa og ribavirín í samantekt á eiginleikum lyfs fyrir þessi lyf því INCIVO verður að nota í samsettri meðferð með peginterferoni alfa og ribaviríni.

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Alvarleg útbrot

Greint hefur verið frá alvarlegum, hugsanlega lífshættulegum og banvænum viðbrögðum í húð við notkun INCIVO í samsettri meðferð. Eitrunardrep í húðþekju, þ.m.t. banvænt tilfelli, hafa komið fram eftir markaðssetningu (sjá kafla 4.8). Greint hefur verið frá banvænum tilfellum hjá sjúklingum með versnandi útbrot og altæk einkenni, sem héldu áfram að fá INCIVO í samsettri meðferð eftir að alvarleg viðbrögð í húð voru greind.

Í II. og III. stigs samanburðarrannsóknnum með lyfleysu var greint frá alvarlegum útbrotum (aðallega exem, kláði sem nær til meira en 50% líkamsyfirborðs) hjá 4,8% sjúklinga á meðferð með INCIVO í samsettri meðferð samanborið við 0,4% á meðferð með peginterferoni alfa og ribaviríni. Tiltæk gögn benda til þess að peginterferon alfa, og hugsanlega einnig ribavirín, geti stuðlað að tíðni og alvarleika útbrotu sem eru tengd við INCIVO í samsettri meðferð.

Af sjúklingum á meðferð með INCIVO einu sér hættu 5,8% á meðferðinni eingöngu vegna útbrotu og af sjúklingum á samsettri meðferð með INCIVO hættu 2,6% sjúklinga á meðferðinni í vegna útbrotu, en engir af þeim sem voru á meðferð með peginterferoni alfa og ribaviríni.

Í II. og III. stigs samanburðarrannsóknnum með lyfleysu fengu 0,4% sjúklinga útbrot sem grunur lék á að væri vegna lyfja, ásamt eósíníklafjölgun og almennum einkennum (Drug Rash with Eosinophilia and Systemic Symptoms (**DRESS**)). Samkvæmt klínískri reynslu af INCIVO fengu minna en 0,1% sjúklinga **Stevens-Johnson heilkenni**. Aftur þessar aukaverkanir hurfu eftir að meðferð var hætt.

DRESS kemur fram með útbrotum og eósíníklafjölgun ásamt einu eða fleirum af eftirfarandi einkennum: hita, eitlastækkunum, andlitsbjúg og áhrifum á innri líffæri (lifur, nýru og lungu). DRESS getur komið fram hvenær sem er eftir að meðferð er hafin, en í flestum tilvikum hafa einkennin komið fram sex til tíu vikum eftir að meðferð með INCIVO var hafin.

Þeir sem ávísu lyfjum ættu að ganga úr skugga um að sjúklingar séu upplýstir um hættuna á alvarlegum útbrotum og að þeir verði að hafa samband við lækni án tafar ef þeir fá útbrot sem þeir hafa ekki haft áður eða útbrot sem þeir eru þegar með versna. Hafa skal eftirlit með öllum útbrotum þar til þau hverfa. Það getur tekið nokkrar vikur fyrir útbrotin að hverfa. Gæta skal varúðar við notkun annarra lyfja sem geta valdið verulegum húðviðbrögðum, meðan á samsettri meðferð með INCIVO stendur, til að koma í veg fyrir hugsanlegan rugling varðandi hvaða lyf gæti verið að valda alvarlegum húðviðbrögðum. Ef alvarleg viðbrögð í húð koma fram skal íhuga að hætta meðferð með hinum lyfjunum sem vitað er að tengjast alvarlegum viðbrögðum í húð.

Sjá nánari upplýsingar um væg og í meðallagi mikil útbrot í kafla 4.8.

Ráðleggingar um eftirlit með útbrotum og hvenær hætta beri meðferð með INCIVO, ribaviríni og peginterferoni alfa eru teknar saman í töflunni hér að neðan:

Dreifing og útlit viðbragða í húð	Ráðleggingar um eftirlit með húðviðbrögðum og hvenær hætta ber meðferð með INCIVO, ribaviríni og peginterferoni alfa vegna alvarlegra útbrot
Væg útbrot: Staðbundin húðútbrot og/eða húðútbrot með takmarkaðri dreifingu (allt að nokkrum einangruðum stöðum á líkamanum)	Hafa skal eftirlit með því hvort útbrot aukast og því hvort altæk einkenni koma fram, þar til útbrotin hverfa.
Miðlungsmikil útbrot: Dreifð útbrot $\leq 50\%$ af yfirborði líkamans	Hafa skal eftirlit með því hvort útbrot aukast og því hvort altæk einkenni koma fram, þar til útbrotin hverfa. Íhugið að ráðgast við sérfræðing í húðlækningum. Ef miðlungsmikil útbrot aukast skal íhuga að hætta meðferð með INCIVO endanlega. Ef útbrotin lagast ekki innan 7 daga frá því að meðferð með INCIVO er hætt skal gera hlé á meðferð með ribaviríni. Nauðsynlegt getur verið að gera hlé á meðferð með ribaviríni fyrr ef útbrotin versna þrátt fyrir að meðferð með telapreviri sé hætt. Halda má meðferð með peginterferoni alfa áfram nema læknisfræðilegar ástæður séu fyrir því að hlé sé gert á henni. Ef miðlungsmikil útbrot aukast og verða veruleg ($\geq 50\%$ líkamsyfirborðs), skal hætta meðferð með INCIVO endanlega (sjá hér að freðari).
Alvarleg útbrot: Dreifing útbrot $>50\%$ af líkamsyfirborði eða ásamt bólum, blöðrum, sárum öðrum en í Stevens-Johnson heilkenni	Hætta skal meðferð með INCIVO án tafar og endanlega. Mælt er með að ráðgast við sérfræðing í húðlækningum. Hafa skal eftirlit með því hvort útbrot aukast og því hvort altæk einkenni koma fram, þar til útbrotin hverfa. Halda má meðferð með peginterferoni alfa og ribaviríni áfram. Ef útbrotin skána ekki innan 7 daga eftir að meðferð með INCIVO er hætt, skal íhuga að gera hlé á meðferð eða hætta meðferð með ribaviríni og/eða peginterferoni alfa hverju á eftir öðru eða samtímis. Læknisfræðilegar ástæður geta verið fyrir því að gera þurfi hlé á meðferð eða hætta meðferð með ribaviríni og/eða peginterferoni alfa fyrr.
Alvarleg viðbrögð í húð mála útbrot með altækum einkennum, versnandi alvarleg útbrot, grunnur um eða greining á dreifðu blöðruútbrotum, DRESS, Stevens-Johnson heilkenni/drepi á húðþekju, bráðum útbreiddum graftarbóluroða (acute generalized exanthematous pustulosis), regnbogaroðasótt	Hætta skal meðferð með INCIVO, peginterferoni alfa og ribaviríni án tafar og endanlega. Ráðgast við sérfræðing í húðlækningum.

Ekki skal hefja aftur notkun INCIVO ef henni hefur verið hætt vegna viðbragða í húð. Sjá einnig um veruleg húðviðbrögð við notkun peginterferons alfa og ribaviríns í samantekt á eiginleikum lyfs (SPC) fyrir þessi lyf.

Blóðleysi

Í klínískum II. og III. stigs samanburðarrannsóknnum með lyfleysu jókst heildartíðni og alvarleiki blóðleysis við notkun INCIVO í samsettri meðferð samanborið við notkun peginterferons alfa og ribavirín eingöngu. Blóðrauðagildi < 10 g/dl komu fram hjá 34% sjúklinga sem fengu INCIVO í samsettri meðferð og hjá 14% sjúklinga á meðferð með peginterferoni alfa og ribaviríni.

Blóðrauðagildi $< 8,5$ g/dl komu fram hjá 8% sjúklinga á meðferð með INCIVO í samsettri meðferð samanborið við 2% sjúklinga á meðferð með peginterferoni alfa og ribaviríni. Lækkun blóðrauðagilda

verður fyrstu 4 vikur meðferðar með lægsta gildinu í lok INCIVO gjafar. Blóðrauðagildi hækka smám saman eftir að inntöku INCIVO er lokið.

Fylgjast skal reglulega með blóðrauðagildum fyrir og meðan á notkun INCIVO í samsettri meðferð stendur (sjá kafla 4.4, Rannsóknaniðurstöður).

Minnkun ribavirín skammta er aðal aðferðin til að meðhöndla blóðleysi vegna meðferðar. Sjá samantekt á eiginleikum lyfs fyrir ribavirín fyrir upplýsingar um minnkun skammta og/eða stöðvun notkunar ribaviríns. Ef notkun ribaviríns er stöðvuð endanlega vegna meðhöndlunar á blóðleysi verður einnig að stöðva notkun INCIVO endanlega. Sjúklingar mega halda áfram á meðferð með peginterferóni alfa og ribaviríni ef notkun INCIVO er stöðvuð vegna blóðleysis. Hefja má aftur notkun ribaviríns skv. leiðbeinandi skammtabreytingum fyrir ribavirín. Ekki má minnka skammta af INCIVO og ekki má hefja aftur notkun INCIVO ef henni hefur verið hætt.

Meðgangna og notkun getnaðarvarna sem er skilyrði fyrir meðferð

Þar sem nota verður INCIVO í samsettri meðferð með peginterferóni alfa og ribaviríni eiga frábendingar og varnaðarorð um þessi lyf einnig við um samsetta meðferð.

Fram hafa komið veruleg vanskapandi og/eða fósturvísisdeyðandi áhrif hjá öllum áyrategundum útsettum fyrir ribaviríni. Þess vegna verður að gæta fyllstu varúðar til að komast í veg fyrir þungun hjá kvenkynssjúklingum og hjá kvenkynsrekkjunautum karlkynssjúklinga.

Kvenkynssjúklingar á barneignaraldri og karlkynsrekkjunautar þeirra sem og karlkynssjúklingar og kvenkynsrekkjunautar þeirra verða að nota tvær öruggar getnaðarvarnir meðan á meðferð með INCIVO stendur og eftir að meðferð lýkur, samkvæmt því sem mælt er með í samantekt á eiginleikum lyfs fyrir ribavirín og eins og lýst er hér að neðan.

Nota má hormónagetnaðarvarnir áfram, en ekki er víst að þær séu öruggar meðan á meðferð með INCIVO stendur og í allt að tvo mánuði eftir að meðferð með INCIVO er hætt (sjá kafla 4.5). Á þeim tíma ættu kvenkynssjúklingar á barneignaraldri að nota tvær öruggar getnaðarvarnir sem ekki byggjast á hormónum. Tveimur mánuðum eftir að meðferð með INCIVO er lokið eru hormónagetnaðarvarnir aftur viðeigandi sem önnur af tveimur öruggum getnaðarvörnum sem eru skilyrði fyrir meðferð.

Sjá nánari upplýsingar í kafla 4.5 og 4.6.

Hjarta- og æðakerfi

Niðurstöður rannsóknar sem var gerð á heilbrigðum sjálfboðaliðum sýndu fram á að telaprevir í skammtinum 1.875 mg á 8 klst. fresti hafði væg áhrif á QTcF bilið með lyfleysu-aðlagaðri hámarks lengingu að meðaltali 8,0 msek. (90% CI: 5,1-10,9) (sjá kafla 5.1). Útsetning við þennan skammt var sambærileg við útsetninguna í HCV-sýktum sjúklingum sem fengu 750 mg af INCIVO á 8 klst. fresti ásamt peginterferóni alfa og ribaviríni. Möguleg klínísk þýðing þessara niðurstaðna er óljós.

Gæta skal varúðar við notkun INCIVO samhliða lyfjum við hjartsláttartruflunum af flokki Ic, prónafenóni og flecainíði, m.a. viðhafa viðeigandi klínískt eftirlit og fylgjast með hjartalínuriti.

Mælt er með því að varúðar sé gætt þegar INCIVO er ávísað samhliða lyfjum sem vitað er að lengja QTc bil og sem eru CYP3A hvarfefni t.d. erytromycín, claritromycín, telitromycín, posaconazól, voriconazól, ketoconazól, tacrolimus, salmeteról, (sjá kafla 4.5). Forðast skal notkun INCIVO samhliða domperidóni (sjá kafla 4.5). INCIVO getur aukið þéttni þess lyfs sem gefið er samhliða því og það getur leitt til aukinnar hættu á aukaverkunum þess lyfs á hjarta. Í þeim tilvikum þar sem samhliða notkun slíkra lyfja er talin algerlega nauðsynleg er mælt með klínísku eftirliti þ.m.t. hjartalínuriti. Sjá einnig kafla 4.3 varðandi lyf sem ekki má nota samhliða INCIVO.

Forðast skal notkun INCIVO hjá sjúklingum með meðfædda lengingu á QT bili eða með fjölskyldusögu um lengingu QT bils eða skyndilegan dauða. Í þeim tilvikum þar sem meðferð með

INCIVO fyrir slíka sjúklinga er talin algerlega nauðsynleg ætti að hafa náð eftirlit með sjúklingum, þ.m.t. með hjartalínuriti.

Nota skal INCIVO með varúð hjá sjúklingum með:

- sögu um áunna lengingu QT bils
- klínískt marktækan hæglátt (viðvarandi hjartsláttartíðni < 50 slög á mínútu)
- sögu um hjartabilun með minnkuðu útfallsbroti vinstri slegils
- þörf fyrir notkun lyfja sem þekkt er að lengja QT bilið en umbrotna ekki að mestu leyti fyrir tilstilli CYP3A4 (t.d. metadón, sjá kafla 4.5).

Hafa skal náð eftirlit með slíkum sjúklingum, þ.m.t. með mati á hjartalínuriti.

Fylgjast skal með truflunum á jafnvægi blóðsalta (t.d. kalíumskorti í blóði, magnesíumskorti í blóði og kalsíumskorti í blóði) og leiðréttu það ef nauðsyn krefur áður en meðferð með INCIVO hefst og meðan á henni stendur.

Notkun hjá sjúklingum með langt genginn lifrarsjúkdóm

Blóðalbúmínlækkun og fækkun blóðflagna hefur komið í ljós sem fyrirboði verulegra fyrirhilla lifrarsjúkdóms sem og meðferða sem byggjast á interferoni (t.d. nánast óstarfhæf lifur, alvarlegar bakteríusýkingar). Ennfremur hefur há tíðni blóðleysis komið fram við notkun INCIVO ásamt peginterferoni og ribavíríni hjá sjúklingum með þessi einkenni. Ekki er mælt með INCIVO í samsettri meðferð með peginterferoni og ribavíríni hjá sjúklingum með blóðflögur $> 9 \cdot 1000/\text{mm}^3$ og/eða albúmín < 3,3 g/dl. Þegar INCIVO er notað hjá sjúklingum með langt genginn lifrarsjúkdóm er ráðlagt að viðhafa mjög náð klínískt eftirlit og bregðast skjótt við aukaverkunum.

Rannsóknaniðurstöður

Fylgjast skal með gildum HCV RNA í 4. og 12. viku og eftirlit því sem klínísk þörf er á (sjá einnig leiðbeiningar um stöðvun meðferðar með INCIVO í kafla 4.2).

Frankvæma skal eftirfarandi rannsóknir (heildarblóðmynd með deilitalningu hvítra blóðkorna, blóðsölt, kreatínín í sermi, lifrarpróf, skjaldkirtilspróf, þvagsýra) hjá öllum sjúklingum áður en notkun INCIVO í samsettri meðferð hefst.

Eftirfarandi gildi eru þau grunngildi sem mælt er með við upphaf notkunar INCIVO í samsettri meðferð:

- Blóðrauði: ≥ 12 g/dl (konur), ≥ 13 g/dl (karlar)
- Blóðflagnafjöldi $\geq 90.000/\text{mm}^3$
- Heildarfjöldi daufrýninga $\geq 1.500/\text{mm}^3$
- Viðunandi skjaldkirtisstarfsemi
- Útreiknuð kreatínínátreinsun ≥ 50 ml/mín.
- Kalíum $\geq 3,5$ mmól/l
- Albúmín $> 3,3$ g/dl

Mælt er með mati á blóðgildum (þ.m.t. deilitalningu hvítra blóðkorna) í 2., 4., 8. og 12. viku og eins og þörf er klínísk þörf á.

Mælt er með efnafræðimælingum (söltum, kreatíníni í sermi, þvagsýru, lifrarenímum, bilirúbín, TSH) eins oft og þörf er á mælingum á blóðgildum eða eins og mælt er klínískt fyrir um (sjá kafla 4.8).

Sjá samantekt á eiginleikum lyfs fyrir peginterferon alfa og ribavírín, þ.m.t. kröfur um þungunarpróf (sjá kafla 4.6).

Notkun INCIVO ásamt peginterferoni alfa-2b

III. stigs rannsóknirnar voru allar gerðar með peginterferoni alfa-2a í samsettri meðferð með INCIVO og ribavíríni. Engar upplýsingar liggja fyrir um notkun INCIVO í samsettri meðferð með peginterferoni alfa-2b hjá sjúklingum sem hafa áður fengið meðferð og takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um sjúklinga sem ekki hafa fengið meðferð áður. Hlutfall viðvarandi veirufræðilegrar svörunar var sambærilegt í opinni rannsókn hjá sjúklingum sem höfðu ekki fengið meðferð áður, sem

meðhöndlaðir voru með annaðhvort peginterferoni alfa-2a/ribavírini (n = 80) eða peginterferoni alfa-2b/ribavírini (n = 81) í samsettri meðferð með INCIVO. Hins vegar var veirugegnumbrot tíðara hjá þeim sem voru meðhöndlaðir með peginterferon alfa-2b og þeir uppfylltu síður skilyrði fyrir styttri heildarmeðferðartíma (sjá kafla 5.1).

Almennt

Ekki má nota INCIVO eitt og sér og því má aðeins ávísa í samsettri meðferð með bæði peginterferoni alfa og ribavírini. Því skal athuga leiðbeiningar í samantekt fyrir eiginleika lyfs fyrir peginterferon alfa og ribavírín áður en meðferð með INCIVO hefst.

Engar klínískar upplýsingar liggja fyrir um endurtekna meðferð sjúklinga sem ekki hafa svarað meðferð sem byggð er á HCV NS3-4A próteasahemli (sjá kafla 5.1).

Ófullnægjandi veirufræðileg svörun

Stöðva skal meðferð hjá sjúklingum með ófullnægjandi veirufræðilega svörun (sjá kafla 4.2 og 4.4, Rannsóknaniðurstöður).

Notkun INCIVO í meðferð við öðrum HCV arfgerðum

Ekki eru fyrirliggjandi fullnægjandi gögn til stuðnings meðferð sjúklinga með HCV arfgerð aðra en arfgerð 1. Því er ekki mælt með notkun INCIVO hjá sjúklingum með arfgerð HCV annarrar en arfgerð 1.

Skert nýrnastarfsemi

Öryggi og verkun lyfsins hefur ekki verið staðfest hjá sjúklingum með miðlungsmikla eða verulega skerðingu á nýrnastarfsemi (kreatínínúthreinsun (CrCl) < 50 ml/mín. né heldur sjúklingum á blóðskilun. Sjá kafla 4.4, Rannsóknaniðurstöður. Athugið einnig upplýsingar, varðandi sjúklinga með CrCl < 50 ml/mín., í samantekt á eiginleikum lyfs fyrir ribavírín (sjá einnig í kafla 4.2 og 5.2).

Skert lifrastarfsemi

INCIVO hefur ekki verið rannsakað hjá sjúklingum með verulega skerta lifrastarfsemi (Child-Pugh C, skor ≥ 10) eða nánast óstarfsemi lifur (skínuholsvökvi, blæðing vegna portæðaháþrýstings, heilakvilli og/eða gula ser, ekki er vegna Gilberts heilkennis) og er því ekki mælt með notkun þess hjá þessum hópum.

INCIVO hefur ekki verið rannsakað hjá HCV sýktum sjúklingum með í meðallagi mikið skerta lifrastarfsemi (Child-Pugh B, skor 7-9). Hjá HCV neikvæðum sjúklingum með miðlungsmikla skerðingu á lifrastarfsemi var um minnkaða útsetningu fyrir telaprevíri að ræða. Viðeigandi skammtur af INCIVO hjá sjúklingum með lifrabólgu C með í meðallagi mikið skerta lifrastarfsemi hefur ekki verið ákvarðaður. Því er ekki mælt með notkun INCIVO handa þessum sjúklingum (sjá kafla 4.2 og 5.2).

Sjá samantekt á eiginleikum lyfs fyrir peginterferon alfa og ribavírín sem verður að gefa í samsettri meðferð með INCIVO.

Lifrabætur

INCIVO í samsettri meðferð með peginterferoni alfa og ribavírini var metið eftir lifrabætur hjá 74 HCV-1 sýktum sjúklingum sem voru ekki með skorpulífur og fengu tacrolimus eða ciclosporín A. Við upphaf meðferðar með INCIVO þarf töluvert að minnka skammta tacrolimus eða ciclosporíns A sem gefið er samhliða, m.a. þarf að lengja bilið á milli tacrolimus skammta til þess að viðhalda læknanlegri plasmabéttni ónæmisbælandi lyfsins. Við lok meðferðar með INCIVO þarf að auka skammta tacrolimus eða ciclosporíns A og minnka þarf bilið á milli tacrolimus skammta. Sumir sjúklingar geta þurft stærri skammta af tacrolimus eða ciclosporíni A heldur en þegar meðferðin hófst. Þessar breytingar eiga að byggjast á tíðu eftirliti með plasmabéttni tacrolimus eða ciclosporíns A meðan á INCIVO meðferð stendur. Sjá kafla 4.2, 4.5, Ónæmisbælandi lyf, 4.8 og 5.1 fyrir upplýsingar um notkun INCIVO í samsettri meðferð með peginterferoni alfa og ribavírini hjá lifrabægu með HCV-1 sýkingu sem hafa fengið meðferð áður svo og sjúklingum sem hafa ekki fengið meðferð áður og eru á stöðugri (stable) meðferð með ónæmisbælandi lyfi, tacrolimus eða ciclosporíni A.

Engin klínísk gögn liggja fyrir varðandi meðferð með INCIVO í samsettri meðferð með peginterferoni alfa og ribavíríni hjá líffæraþegum, fyrir ígræðslu eða meðan á ígræðslu lifrar eða annarra líffæra stendur.

HCV/HIV samhliða sýking

Milliverkanir telaprevirs og HIV andrertróveirulyfja eru algengar. Fylgja skal vandlega leiðbeiningunum í töflu 2, kafla 4.5.

Eftirfarandi skal hafa í huga við meðferð með HIV lyfjum sem má nota (ekki takmarkað við þau talin eru upp hér fyrir neðan):

Atazanavir/ritonavir: Þessi samsetning eykur tíðni gallrauðadreyra/gulu. Í rannsókn HPC3008 (sjá kafla 4.8 og 5.1) kom fram tímabundin hækkun bilirúbíns af alvarleikastigi 3 (2,5 til $\leq 5 \times \text{ULN}$) og stigi 4 ($>5 \times \text{ULN}$) meðan á meðferð með INCIVO stóð hjá 39% af þeim 59 sjúklingum sem notuðu atazanavir og 22% af þeim 59 sjúklingum sem notuðu ritonavir.

Efavirenz: við þessa samsetningu þarf að auka skammt telaprevirs í 1.125 mg þrjú sin á sólarhring.

HCV/HBV (lifrabólgu B veira) samhliða sýking

Engin gögn eru fyrirbyggjandi varðandi notkun INCIVO fyrir sjúklinga sem eru bæði með HCV- og HBV-sýkingu.

Börn

Ekki er mælt með notkun INCIVO fyrir börn og unglunga yngri en 18 ára því ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun hjá þessum hópi.

Skjaldkirtilssjúkdómar

Aukning á skjaldvakakveikju (TSH) getur komið fram meðan á samsettri meðferð með INCIVO stendur, sem getur bent til versunar eða endurkomu vanstarfsemi sem sjúklingar höfðu haft fyrir eða fyrri vanstarfsemi skjaldkirtils eða nýtilkominnar vanstarfsemi skjaldkirtils (sjá kafla 4.8). Mæla ætti TSH gildi áður og meðan á INCIVO meðferð stendur og meðhöndla sjúklinga á klínískt viðeigandi hátt, þ.m.t. hugsanleg aðlögun skjaldkirtils uppbotarmeðferðar hjá sjúklingum sem voru með vanstarfsemi í skjaldkirtli fyrir (sjá kafla 4.4, Rannsóknarniðurstöður).

Milliverkanir við lyf

Telaprevir er öflugur hemill á mikilvæga lyfjaumbrotsensímið CYP3A4. Búast má við aukinni altækri útsetningu ef telaprevir er gætt samhliða öðrum lyfjum sem eru mikið umbrotin af þessu ensími. Sjá í kafla 4.3 upptalningu á lyfjum sem ekki má nota samhliða INCIVO vegna möguleika á lífshættulegum aukaverkunum eða mögulega minni áhrifum af meðferð með INCIVO. Sjá í kafla 4.5 staðfestar og aðrar mögulega mikilvægar lyfjamilliverkanir.

Mikilvægar upplýsingar um sum innihaldsefni INCIVO

Fyrir sjúklinga á natríumskertu fæði skal athuga að þetta lyf inniheldur 2,3 mg af natríum í hverri töflu.

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Telaprevir er að hluta til umbrotið í lifur fyrir tilstilli CYP3A og er P-glýkóprótein (P-gp) hvarfefni. Önnur ensím eiga einnig þátt í umbrotunum (sjá kafla 5.2). Samhliða gjöf INCIVO og lyfja sem örva CYP3A og/eða P-gp getur minnkað plasmabéttni telaprevirs marktækt. Samhliða gjöf INCIVO og lyfja sem hamla CYP3A og/eða P-gp getur aukið plasmabéttni telaprevirs.

INCIVO er öflugur, tímaháður CYP3A4 hemill og einnig marktækur P-gp hemill. Sú staðreynd að hömlunin sé tímaháð bendir til að CYP3A4 hömlun geti aukist fyrstu 2 vikur meðferðar. Að meðferð lokinni getur það tekið u.þ.b. eina viku þar til hömlunin er alveg horfin. Gjöf INCIVO getur aukið altæka útsetningu fyrir lyfjum sem eru CYP3A eða P-gp hvarfefni, sem gæti aukið eða lengt

meðferðaráhrif þeirra eða aukaverkanir. Samkvæmt niðurstöðum klínískra rannsókna á lyfjamilliverkunum (t.d. escitalopram, zolpidem, etinýlestradíól) er ekki hægt að útiloka að telaprevir virki umbrotaensím.

Telaprevir hamlar fjölpeptíð sem flytja lífrænar anjónir (OATP) OATP1B1 og OATP2B1. Gæta þarf varúðar við samhliða gjöf INCIVO og lyfja sem eru flutt með þessum hætti t.d. fluvastatín, pravastatín, rosuvastatín og repagliníð (sjá töflu 2). Ekki má nota simvastatín samhliða telapreviri vegna fyrirsjáanlegrar marktækrar aukningar á útsetningu, sem er afleiðing ýmissa verkunarháttá.

Samkvæmt niðurstöðum *in vitro* rannsókna, gæti telaprevir hugsanlega aukið plasmabéttni lyfja þar sem útskilnaður er háður flutingspróteinunum MATE-1 og MATE2-K (sjá töflu 2).

Rannsóknir á milliverkunum hafa eingöngu verið gerðar hjá fullorðnum.

Frábendingar fyrir samhliða notkun (sjá kafla 4.3)

INCIVO má ekki gefa samhliða virkum efnum sem eru að miklu leyti háð CYP3A m.t.t. þrjú einsunar og geta valdið alvarlegum og/eða lífshættulegum aukaverkunum svo sem hjartsláttarreggi (þ.e. amiodaróni, astemizóli, bepridíli, cisapríði, pimozíði, kínidíni eða terfenadíni), úræðakampa eða blóðþurrð (þ.e. dihýdróergotamíni, ergonovíni, ergotamíni eða metýlergonovíni) eða vöðvakvilla, þ.m.t. rákvöðvalýsu (þ.e. lovastatíni, simvastatíni eða atorvastatíni) eða langvarandi eða aukinni slævingu eða öndunarbælingu (þ.e. quetiapíni, midazolami til inntöku eða tríazolami) eða lágþrýstings eða hjartsláttartruflana (þ.e. alfuzosíni og sildenafili til meðhöndlunar á tungnaháþrýstingi), ef plasmabéttni þeirra eykst.

Ekki má gefa INCIVO samhliða lyfjum við hjartsláttartruflunum af flokki Ia eða III, nema lídókaíni til notkunar í bláæð.

Gæta skal varúðar við notkun INCIVO samhliða lyfjum við hjartsláttartruflunum af flokki Ic, própafenoni og flecainíði, m.a. viðhafa viðeigandi klínískt eftirlit og fylgjast með hjartalínuriti (sjá kafla 4.4).

Rifampicín

Rifampicín minnkar AUC fyrir telaprevir í plásmu um u.þ.b. 92%. Þess vegna má ekki gefa INCIVO samhliða rifampicíni.

*Jóhannesarjurt (*Hypericum perforatum*)*

Plasmabéttni telaprevirs getur minnkað við samhliða notkun með náttúruylfinu Jóhannesarjurt (Jónsmessurunna, *Hypericum perforatum*). Þess vegna má ekki nota náttúruvörur sem innihalda jóhannesarjurt samhliða INCIVO.

Karbamazepín, fenytoín og fenobarbital

Gjöf samhliða örva getur leitt til minni útsetningar fyrir telapreviri með hættu á minni verun. Frábending er fyrir notkun öflugra CYP3A örva eins og karbamazepín, fenytoín og fenobarbital (sjá kafla 4.3).

Vægra og miðlungs öflugir CYP3A örvar

Þorcast skal notkun vægra og miðlungs öflugra CYP3A örva, sérstaklega hjá sjúklingum sem ekki hafa svarað fyrri meðferð (þeir sem svöruðu að einhverju leyti eða alls ekki peginterferon alfa/ribavíríni), nema sérstakar ráðleggingar varðandi skammta séu gefnar (vísað er í töflu 2).

Önnur samhliða lyfjameðferð

Í töflu 2 eru gefnar upp skammtaráðleggingar út frá milliverkunum lyfja við INCIVO. Þessar ráðleggingar eru byggðar annaðhvort á rannsóknum á milliverkunum lyfja (auðkenndar með *) eða væntanlegum milliverkunum vegna áætlaðrar stærðargráðu milliverkana og mögulegra alvarlegra aukaverkana, sem og minni verkunar. Flestar rannsóknir á lyfjamilliverkunum hafa verið gerðar með 750 mg skammti af telapreviri á 8 klst. fresti. Að því gefnu að 1.125 mg tvisvar á sólarhring leiði til

sama sólarhringssskammts með svipaðri útsetningu fyrir telapreviri er búist við að viðkomandi lyfjamilliverkanir séu svipaðar.

Stefnur örvanna (\uparrow = aukning, \downarrow = minnkun, \leftrightarrow = engin breyting) fyrir hverja lyfjahvarfafraðilega breyту eru byggðar á 90% öryggismörkum miðhlutfallatöluhlutfalls (geometric mean ratio) sem er innan (\leftrightarrow), undir (\downarrow) eða yfir (\uparrow) 80-125% bilinu.

Tafla 2: MILLIVERKANIR OG SKAMMTARÁÐLEGGINGAR MEÐ ÖÐRUM LYFJUM		
Lyf flokkuð eftir meðferðarsviði	Áhrif á þéttni INCIVO eða lyfja sem eru notuð samhliða og hugsanlegur verkunarháttur	Klínískar athugasemdir
VERKJALYF		
alfentanil fentanyl	\uparrow alfentanil \uparrow fentanyl	Ráðlagt er að fylgjast vel með verkun og aukaverkunum (m.a. öndunarþælingu) þegar telaprevir er gefið samhliða alfentanil eða fentanyli, þ.á.m. lyfjaformi fentanyls til inntöku, til notkunar út í kinn eða í nef og með forðaverkun um munn og slímhúð, einkum við upphaf meðferðar. Nauðsynlegt getur verið að aðlagða skammta fentanyls eða alfentanils. Gætt er ráð fyrir að greinilegustu áhrifin séu eftir notkun fentanyl lyfjaforms til inntöku í nef og út í kinn/undir tungu.
LYF VIÐ HJARTSLÁTTARTRUFLUNUM		
lídókaín (til notkunar í bláæð)	\uparrow lídókaín hömlun CYP3A	Gæta skal varúðar og viðhafa klínískt eftirlit þegar lídókaín til notkunar í bláæð er gefið samhliða telapreviri. Gætt er ráð fyrir að meðferðar við bráðri sleglaóreglu.
digoxín*	\uparrow digoxín AUC 1,85 (1,70-2,00) C _{max} 1,50 (1,36-1,65) áhrif á P-gp flutning meltingarvegi	Upphafi skal gefa minnsta mögulega skammt digoxíns. Fylgjast skal með þéttni digoxíns í sermi og nota það til að stækka skammt digoxíns til að ná fram tilætluðum klínískum áhrifum.
SÝKLALYF		
claritromycín erytromycín telitromycín troleandomycín	\uparrow telaprevir \uparrow sýklalyf hömlun CYP3A	Gæta skal varúðar og viðhafa klínískt eftirlit við notkun samhliða INCIVO. Greint hefur verið frá lengingu á QT bili og Torsade de Pointes af claritromycíni og erytromycíni. Greint hefur verið frá lengingu á QT bili af telitromycíni (sjá kafla 4.4).
SEGAVERNARLYF		
warfarín	\uparrow eða \downarrow warfarín temprun efnaskiptaensíma	Mælt er með því að fylgst sé með INR (international normalised ratio) þegar warfarín er notað samhliða telapreviri.
dabigatran	\uparrow dabigatran \leftrightarrow telaprevir áhrif á P-gp flutning í meltingarvegi	Gæta skal varúðar. Mælt er með eftirliti með niðurstöðum rannsókna sem og klínísku eftirliti.
FLUGAVEIKILYF		
karbamazepín*	\downarrow telaprevir AUC 0,68 (0,58-0,79) C _{max} 0,79 (0,70-0,90) C _{min} 0,53 (0,44-0,65) \leftrightarrow karbamazepín AUC 1,10 (0,99-1,23) C _{max} 1,09 (0,98-1,21) C _{min} 1,10 (0,97-1,24) virkjun CYP3A af völdum karbamazepíns og hömlun CYP3A af völdum telaprevirs	Karbamazepín má ekki gefa samhliða telapreviri.

fenytoín*	<p>↓ telaprevir AUC 0,53 (0,47-0,60) C_{max} 0,68 (0,60-0,77) C_{min} 0,32 (0,25-0,42)</p> <p>↑ fenytoín AUC 1,31 (1,15-1,49) C_{max} 1,27 (1,09-1,47) C_{min} 1,36 (1,21-1,53)</p> <p>virðir CYP3A af völdum fenytoíns og hömlun CYP3A af völdum telaprevirs</p>	Fenytoín má ekki gefa samhliða telapreviri.
fenobarbital	<p>↓ telaprevir ↑ eða ↓ fenobarbital</p> <p>virðir CYP3A af völdum fenobarbitals og hömlun CYP3A af völdum telaprevirs</p>	Fenobarbital má ekki gefa samhliða telapreviri.
ÞUNGLYNDISLYF		
escitalopram*	<p>↔ telaprevir ↓ escitalopram AUC 0,65 (0,60-0,70) C_{max} 0,70 (0,65-0,76) C_{min} 0,58 (0,52-0,64)</p> <p>óþekktur verkunarháttur</p>	Klínískt mikilvægi óþekkt. Þó samlega þarf að auka skammta við notkun samhliða telapreviri.
trazodón	↑ trazodón hömlun CYP3A	Samhliða notkun getur leitt til aukaverkana eins og ógleði, sundls, lágbrýstings og yfirþros. Ef trazodón er notað ásamt telapreviri skal nota samsetninguna með varúð og íhuga skal minni skammt af trazodóni.
SYKURSÝKISLYF		
metformín	↑ metformín hömlun á MATE-1 og MATE2-K	Mælt er með að fylgst sé vel með virkni og öryggi metformíns þegar meðferð með INCIVO er hafin eða stöðvuð hjá sjúklingum sem fá metformín. Nauðsynlegt getur verið að aðlaga skammta metformíns.
UPPSÖLUHEMJANDI LYF		
domperidón	↑ domperidón hömlun CYP3A	Forðast skal að nota domperidón samhliða INCIVO (sjá kafla 4.4).
SVEPPALYF		
ketoconazól* itraconazól posaconazól voriconazól	<p>↑ ketoconazól (200 mg) AUC 2,25 (1,93-2,61) C_{max} 1,75 (1,51-2,03)</p> <p>↑ ketoconazól (400 mg) AUC 1,46 (1,35-1,58) C_{max} 1,23 (1,14-1,33)</p> <p>↑ telaprevir (ásamt ketoconazóli 400 mg) AUC 1,62 (1,45-1,81) C_{max} 1,24 (1,10-1,41)</p> <p>↑ itraconazól ↑ posaconazól ↑ eða ↓ voriconazól</p> <p>Hömlun á CYP3A. Vegna ýmissa ensíma sem taka þátt í umbrotum voriconazóls er erfitt að spá fyrir um milliverkun við telaprevir.</p>	<p>Þegar þörf er á samhliða notkun er ekki mælt með að nota stóra skammta af itraconazóli (> 200 mg/sólarhring) eða ketoconazóli (> 200 mg/sólarhring). Gæta skal varúðar og mælt er með klínísku eftirliti með itraconazóli, posaconazóli og voriconazóli.</p> <p>Greint hefur verið frá lengingu á QT bili og Torsade de Pointes með voriconazóli og posaconazóli. Greint hefur verið frá lengingu á QT bili með ketoconazóli (sjá kafla 4.4).</p> <p>Ekki má gefa sjúklingum voriconazól sem eru að nota telaprevir nema greining á ávinningi/áhættu hlutfalli réttlæti notkun þess.</p>

LYF VIÐ ÞVAGSÝRUGIGT		
colchicín	↑ colchicín hömlun CYP3A.	Ekki má gefa sjúklingum með skerta nýrna- eða lifrarstarfsemi INCIVO vegna hættu á colchicín eitrun. Hjá sjúklingum með eðlilega nýrna- og lifrarstarfsemi er mælt með að gera hlé á colchicín meðferð eða veita colchicín meðferð eingöngu í takmarkaðan tíma og nota ætti colchicín í minni skömmtum.
LYF GEGN MYCOBAKTERÍUM		
rifabutín	↓ telaprevir ↑ rifabutín virkjun CYP3A af völdum rifabutíns, hömlun CYP3A af völdum telaprevirs	Verkun telaprevirs getur verið minni vegna minnkaðrar þéttni. Samhliða notkun rifabutíns og telaprevirs er ekki ráðlögð.
rifampicín*	↓ telaprevir AUC 0,08 (0,07-0,11) C _{max} 0,14 (0,11-0,18) ↑ rifampicín virkjun CYP3A af völdum rifampicíns, hömlun CYP3A af völdum telaprevirs	Ekki má gefa rifampicín samhliða telapreviri.
SEFANDI LYF		
quetiapín	Búist er við að þéttni quetiapíns aukist vegna CYP3A hömlunar af völdum telaprevirs.	Ekki má nota INCIVO samhliða quetiapíni þar sem það getur aukið eiturverkanir tengdar quetiapíni. Aukin þéttni quetiapíns í plasma getur leitt til dás.
BENZODIAZEPÍN		
alprazolám*	↑ alprazolám AUC 1,35 (1,23-1,49) C _{max} 0,97 (0,92-1,03)	Klínískt mikilvægi óþekkt.
midazolám gefið utan meltingarveggar (parenterally)*	↑ midazolám (í bláæð) AUC 3,40 (3,04-3,79) C _{max} 1,02 (0,89-1,31)	Samhliða notkun skal fara fram við aðstæður sem tryggja klínískt eftirlit og viðeigandi úrræði ef öndunarbæling og/eða langvarandi slæving kemur fram.
midazolám til inntöku*	↑ midazolám (til inntöku) AUC 8,56 (7,75-10,35) C _{max} 2,86 (2,52-3,25)	Íhuga skal að minnka skammt midazoláms sem gefið er utan meltingarveggar, einkum ef gefið er meira en einn skammtur af midazolámi.
triazolám til inntöku	↑ triazolám hömlun CYP3A	Ekki má nota midazolám eða triazolám sem gefið er með inntöku samhliða telapreviri.
zolpidem (slævandiefni) sem er ekki benzodiazepín*)*	↓ zolpidem AUC 0,53 (0,45-0,64) C _{max} 0,58 (0,52-0,66) verknarháttur ekki þekktur	Klínískt mikilvægi ekki þekkt. Þörf getur verið á að auka skammt af zolpidem til þess að viðhalda verkun.
KALSIÚMGANGALOKAR		
amlodipín*	↑ amlodipín AUC 2,79 (2,58-3,01) C _{max} 1,27 (1,21-1,33) hömlun CYP3A	Gæta skal varúðar og íhuga skal skammtaminnkun á amlodipíni. Mælt er með klínísku eftirliti.
felodipín nicardipín nifedipín nisoldipín verapamíl	↑ kalsíumgangalokar hömlun á CYP3A og/eða áhrifum á P-gp flutning í meltingarvegi	Gæta skal varúðar og hafa skal klínískt eftirlit með sjúklingum.

CCR5 BLOKKAR		
maraviroc*	<p>↑ maraviroc AUC₁₂ 9,49 (7,94-11,34) C_{max} 7,81 (5,92-10,32) C₁₂ 10,17 (8,73-11,85) Ekki er líklegt að samhliða gjöf með maraviroci hafi áhrif á þéttni telaprevirs (byggt á skráðum gögnum og brothvarfsleið telaprevirs).</p>	Maraviroc 150 mg tvisvar sinnum á sólarhring þegar það er gefið samhliða telapreviri.
BARKSTERAR		
Til almennrar notkunar (systemic) dexametasón	↓ telaprevir virkjun CYP3A	Samhliða notkun getur leitt til minnkunar meðferðaráhrifa telaprevirs. Þess vegna skal gæta varúðar við notkun þessarar samsetningar eða íhuga aðra lyfjagjöf.
Til innöndunar/til notkunar í nef fluticasón budesóníð	<p>↑ fluticasón ↑ budesóníð hömlun CYP3A</p>	Samhliða notkun fluticasóns eða budesóníðs og telaprevirs er ekki ráðlögð nema hugsanlegur ávinningur fyrir sjúklinginn vegi meira en áhætta af aukavekunum af völdum barkstera til almennrar notkunar.
ENDOTHELINVIÐTAKABLOKKAR		
bosentan	<p>↑ bosentan ↓ telaprevir virkjun CYP3A af völdum bosentans, hömlun CYP3A og fjölpeptíða sem flytja lífrænar anjónir (OATP) af völdum telaprevirs</p>	Gæta skal varúðar og mælt er með klínísku eftirliti.
HIV-LYF: HIV-PRÓTEASAHEMLAR		
atazanavir/ritonavir*	<p>↓ telaprevir AUC 0,80 (0,76-0,85) C_{max} 0,79 (0,74-0,84) C_{min} 0,85 (0,75-0,98) ↑ atazanavir AUC 1,17 (0,97-1,43) C_{max} 0,85 (0,73-0,98) C_{min} 1,07 (1,40-2,44) hömlun á CYP3A af völdum telaprevirs</p>	Gallrauðadreyri er algengur við þessa samsetningu. Mælt er með klínísku eftirliti og eftirliti með rannsóknandiurstöðum m.t.t. gallrauðadreyra (sjá kafla 4.4 og 4.8)
darunavir/ritonavir*	<p>↓ telaprevir AUC 0,65 (0,61-0,69) C_{max} 0,64 (0,61-0,67) C_{min} 0,68 (0,63-0,74) ↓ darunavir AUC 0,60 (0,57-0,63) C_{max} 0,60 (0,56-0,64) C_{min} 0,58 (0,52-0,63) verkunarháttur ekki þekktur</p>	Ekki er ráðlagt að gefa darunavir/ritonavir og telaprevir samhliða (sjá kafla 4.4).
fosamprenavir/ritonavir*	<p>↓ telaprevir AUC 0,68 (0,63-0,72) C_{max} 0,67 (0,63-0,71) C_{min} 0,70 (0,64-0,77) ↓ amprenavir AUC 0,53 (0,49-0,58) C_{max} 0,65 (0,59-0,70) C_{min} 0,44 (0,40-0,50) verkunarháttur ekki þekktur</p>	Ekki er ráðlagt að gefa fosamprenavir/ritonavir og telaprevir samhliða (sjá kafla 4.4).

lopinavir/ritonavir*	<p>↓ telaprevir AUC 0,46 (0,41-0,52) C_{max} 0,47 (0,41-0,52) C_{min} 0,48 (0,40-0,56) ↔ lopinavir AUC 1,06 (0,96-1,17) C_{max} 0,96 (0,87-1,05) C_{min} 1,14 (0,96-1,36) verkunarháttur ekki þekktur</p>	Ekki er ráðlagt að gefa lopinavir/ritonavir og telaprevir samhliða (sjá kafla 4.4).
HIV-LYF: BAKRITAHEMLAR		
efavirenz*	<p>↓ telaprevir 1.125 mg á 8 klst. fresti (miðað við 750 mg á 8 klst. fresti) AUC 0,82 (0,73-0,92) C_{max} 0,86 (0,76-0,97) C_{min} 0,75 (0,66-0,86) ↓ efavirenz (+ TVR 1.125 mg á 8 klst. fresti) AUC 0,82 (0,74-0,90) C_{max} 0,76 (0,68-0,85) C_{min} 0,90 (0,81-1,01) virkjun á CYP3A af völdum efavirenz</p>	Ef efavirenz er gefið samhliða telapreviri skal gefa 1.125 mg á 8 klst. fresti (sjá kafla 4.4).
tenofovir disoproxil fumarat*	<p>↔ telaprevir AUC 1,00 (0,94-1,07) C_{max} 1,01 (0,96-1,05) C_{min} 1,03 (0,93-1,14) ↑ tenofovir AUC 1,30 (1,22-1,39) C_{max} 1,30 (1,16-1,45) C_{min} 1,41 (1,29-1,54) áhrif á P-gp flutningi í meltingarvegi</p>	Auka skal klínískt eftirlit og eftirlit með rannsóknarúrstöðum (sjá kafla 4.4).
abacavir zidovudin	Ekki rannsakað.	Ekki er hægt að útiloka áhrif telaprevirs á uridin-difosfat-glucuronyl (UDP) transferasa og þau geta haft áhrif á plasmabétni abacavirs og zidovudins.
etravirin*	<p>↓ telaprevir 750 mg á 8 klst. fresti AUC 0,84 (0,71-0,98) C_{max} 0,90 (0,79-1,02) C_{min} 0,75 (0,61-0,92) ↔ etravirin (+ TVR 750 mg á 8 klst. fresti) AUC 0,94 (0,85-1,04) C_{max} 0,93 (0,84-1,03) C_{min} 0,97 (0,86-1,10)</p>	Við samhliða gjöf er ekki þörf á skammtaaðlögun.
rilpivirin*	<p>↓ telaprevir 750 mg á 8 klst. fresti AUC 0,95 (0,76-1,18) C_{max} 0,97 (0,79-1,21) C_{min} 0,89 (0,67-1,18) ↑ rilpivirin (+ TVR 750 mg á 8 klst. fresti) AUC 1,78 (1,44-2,20) C_{max} 1,49 (1,20-1,84) C_{min} 1,93 (1,55-2,41)</p>	Við samhliða gjöf er ekki þörf á skammtaaðlögun.

SAMRUNAHEMLAR (INTEGRASE INHIBITORS)		
raltegravir*	↔ telaprevir AUC 1,07 (1,00-1,15) C _{max} 1,07 (0,98-1,16) C _{min} 1,14 (1,04-1,26) ↑ raltegravir AUC 1,31 (1,03-1,67) C _{max} 1,26 (0,97-1,62) C _{min} 1,78 (1,26-2,53)	Við samhliða gjöf er ekki þörf á skammtaaðlögun.
HMG-CoA REDÚKTASHEMLAR		
atorvastatín*	↑ atorvastatín AUC 7,88 (6,82-9,07) C _{max} 10,6 (8,74-12,85) hömlun á CYP3A og OATP af völdum telaprevirs	Ekki má gefa atorvastatín og telaprevir samhliða (sjá kafla 4.3).
fluvastatín pitavastatín pravastatín rosuvastatín	↑ statín hömlun CYP3A og OATP af völdum telaprevirs	Gæta skal varúðar og mælt er með klínísku eftirliti. Sjá kafla 4.3 fyrir HMG-CoA redúktasahemla sem má ekki gefa samhliða INCIVO.
GETNAÐARVARNARLYF SEM INNIHALDA HORMÓN/ESTRÓGEN		
etinýlestradiól* noretindrón*	↓ etinýlestradiól AUC 0,72 (0,69-0,75) C _{max} 0,74 (0,68-0,80) C _{min} 0,67 (0,63-0,71) ↔ noretindrón AUC 0,89 (0,86-0,93) C _{max} 0,85 (0,81-0,89) C _{min} 0,94 (0,87-1,00) verkunarháttur óþekktur	Nota skal aðrar getnaðarvarnir til viðbótar en þær sem innihalda hormón þegar getnaðarvarnarlyf sem innihalda hormón eru notuð samhliða telapreviri. Sjúklingar sem nota estrógen sem hormónuppbótarmeðferð skulu vera undir klínísku eftirliti með tilliti til estrógenskortis. Sjá kafla 4.4 og 4.6.
ÓNÆMISBÆLANDI LYF		
ciclosporín* tacrolimus* sirolimus	↑ ciclosporín AUC 4,64 (3,90-5,51) C _{max} 1,32 (1,08-1,60) ↑ tacrolimus AUC 70,7 (52,9-92,4) C _{max} 9,57 (6,73-13,0) ↑ sirolimus ↑ telaprevir **útreikningar eru byggðir á gögnum fengnum eftir gjöf minni skammtar hömlun CYP3A, hömlun á flutningspróteinum	Þörf er á að minnka skammta ónæmisbælandi lyfs töluvert með eða án þess að lengja tíma milli skammta. Mælt er með að fylgjast náið með blóðgildi ónæmisbælandi lyfsins, nýrnastarfsemi og aukaverkunum tengdum ónæmisbælandi lyfinu við samhliða gjöf með telapreviri. Tacrolimus getur lengt QT bilið (sjá kafla 4.4).
BETA-VIRK INNÖNDUNARLYF		
salmeteról	↑ salmeteról hömlun CYP3A	Samhliða gjöf með salmeteróli og telapreviri er ekki ráðlögð. Samsetningin getur leitt til aukinnar hættu á aukaverkunum á hjarta- og æðakerfi tengdum salmeteróli, m.a. lengingu á QT bili, hjartsláttarónotum og hraðtakts (sjá kafla 4.4).
LYF SEM AUKA LOSUN INSÚLÍNS		
repagliníð	↑ repagliníð hömlun OATP af völdum telaprevirs	Gæta skal varúðar og mælt er með klínísku eftirliti.

VERKJALYF SEM ERU ÁVANA- OG FÍKNILYF		
metadón*	↓ R-metadón AUC 0,71 (0,66-0,76) C _{max} 0,71 (0,66-0,76) C _{min} 0,69 (0,64-0,75) Engin áhrif á þéttni óbundins R-metadóns. Losun metadóns frá plasmapróteinum.	Ekki er þörf á að breyta skömmtum metadóns þegar samhliða gjöf er hafin með telapreviri. Samt sem áður er mælt með klínísku eftirliti vegna þess að hugsanlega þarf að breyta metadón skammtinum í viðhaldsmeðferð hjá sumum sjúklingum. Greint hefur verið frá lengingu á QT bili og Torsade de Pointes af völdum metadóns (sjá kafla 4.4). Taka skal hjartalínurit áður en meðferð hefst og reglulega meðan á meðferð með telapreviri stendur.
buprenorfín*	↔ buprenorphine AUC 0,96 (0,84-1,10) C _{max} 0,80 (0,69-0,93) C _{min} 1,06 (0,87-1,30)	Ekki er þörf á aðlögun skammta af buprenorfíni þegar það er gefið samhliða telapreviri.
PDE-5 HEMLAR		
sildenafil tadalafil vardenafil	↑ PDE-5 hemlar hömlun CYP3A	Ekki er mælt með samhliða notkun sildenafils eða vardenafilis og telaprevirs. Nota má tadalafil með eða án viðristruflunum í stökum skammti, sem má ekki vera stærri en 10 mg á 1/2 klst. og hafa skal aukið eftirlit með aukaverkunum tadalafilis. Ekki má nota sildenafil eða tadalafil samhliða telapreviri við meðhöndlun á lungnaþrýstingi (sjá kafla 4.3).
PRÓTÓNUPUMPUHEMLAR		
esomeprazol*	↔ telaprevir AUC 0,98 (0,91-1,05) C _{max} 0,95 (0,86-1,06)	Prótónupumpuhemla má nota án þess að breyta þurfi skömmtum.

4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstgjöf

Meðganga

Engar upplýsingar liggja fyrir um notkun INCIVO á meðgöngu. Fyrirliggjandi upplýsingar úr dýrarannsóknunum nægja ekki til að segja fyrir um eiturvekanir á æxlun (sjá kafla 5.3). INCIVO er hvorki ætlað til notkunar á meðgöngu né handa konum á barneignaraldri sem ekki nota getnaðarvarnir.

Getnaðarvarnir hjá körlum og konum

Þar sem nota verður INCIVO í samsettri meðferð með peginterferoni alfa og ribavíríni eiga frábendingar og varnaðarferð um þessi lyf einnig við um samsetta meðferð.

Vegna samsettrar meðferðar með peginterferoni alfa og ribavíríni verða kvenkyns sjúklingar á barneignaraldri og karlkyns rekkjunautar þeirra sem og karlkyns sjúklingar og kvenkyns rekkjunautar þeirra að nota tvær öruggar getnaðarvarnir meðan á meðferð með INCIVO stendur. Eftir að meðferð með INCIVO lýkur, skal nota getnaðarvarnir samkvæmt því sem mælt er með í samantekt á eiginleikum lyfs fyrir ribavírín og eins og lýst er hér að neðan.

Nota má hormónagetnaðarvarnir áfram, en ekki er víst að þær séu öruggar meðan á meðferð með INCIVO stendur og í allt að tvo mánuði eftir að meðferð með INCIVO er hætt (sjá kafla 4.5). Á þeim tíðla ættu kvenkynssjúklingar á barneignaraldri að nota tvær öruggar getnaðarvarnir sem ekki byggjast á hormónum. Tveimur mánuðum eftir að meðferð með INCIVO er lokið eru hormónagetnaðarvarnir aftur viðeigandi sem önnur af tveimur öruggum getnaðarvörnum sem eru skilyrði fyrir meðferð.

Nánari upplýsingar er að finna í samantekt á eiginleikum lyfs fyrir ribavírín og peginterferon alfa.

Brjóstgjöf

Telaprevir og aðalumbrotsefni þess skiljast út í mjólk hjá rottum (sjá kafla 5.3). Ekki er vitað hvort telaprevir skilst út í brjóstamjólk kvenna. Vegna hugsanlegra aukaverkana hjá ungabörnum á brjósti,

vegna samsettrar meðferðar með INCIVO ásamt peginterferon alfa og ribavíríni, verður að hætta brjóstgjöf áður en meðferð er hafin. Sjá einnig samantekt á eiginleikum lyfs fyrir ribavírín.

Frjósemi

INCIVO hafði engin áhrif á frjósemi eða æxlunargetu þegar það var metið í rottum.

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

INCIVO hefur engin eða óveruleg áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla. Engar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum INCIVO á hæfni til aksturs og notkunar véla. Greint hefur verið frá yfirliði og sjónukvilla hjá sumum sjúklingum á meðferð með INCIVO og það verður að hafa í huga þegar hæfni sjúklings til aksturs og notkunar véla er metin. Sjá einnig samantekt á eiginleikum lyfs fyrir peginterferon alfa og ribavírín fyrir frekari upplýsingar.

4.8 Aukaverkanir

Samantekt á upplýsingum um öryggi notkunar

Heildarupplýsingar um öryggi INCIVO eru byggðar á gögnum úr II. og III. stigs klínískum rannsóknum (bæði með samanburði og án samanburðar) með 3.441 sjúklingi sem fekk samsetta meðferð með INCIVO og tilkynningum eftir markaðssetningu.

Nota verður INCIVO í samsettri meðferð með peginterferoni alfa og ribavíríni. Sjá samantekt á eiginleikum lyfs (SPC) fyrir þessi lyf vegna aukaverkana þeirra.

Tíðni aukaverkana sem voru a.m.k. miðlungsmiklar (\geq stig 2) var hærrí í INCIVO hópnunum en í lyfleysuhópnum.

Á meðan INCIVO/lyfleysu meðferðarfasanum stóð voru algengustu aukaverkanirnar af a.m.k. alvarleikastigi 2 sem greint var frá hjá INCIVO hópnunum (tíðni \geq 5,0%) blóðleysi, útbrot, kláði, ógleði og niðurgangur.

Á meðan INCIVO/lyfleysu meðferðarfasanum stóð voru algengustu aukaverkanirnar af a.m.k. alvarleikastigi 3 sem greint var frá hjá INCIVO hópnunum (tíðni \geq 1,0%) blóðleysi, útbrot, blóðflagnafæð, eitulfrumnafæð, kláði og ógleði.

Samantekt á aukaverkunum sett upp í töflu

Aukaverkanir INCIVO eru taldar upp í töflu 3.

Aukaverkanirnar eru flokkaðar eftir líffærum og tíðni: mjög algengar (\geq 1/10), algengar (\geq 1/100 til $<$ 1/10), sjaldgæfar ($>$ 1/1.000 til $<$ 1/100) og mjög sjaldgæfar (\geq 1/10.000 til $<$ 1/1.000). Innan tíðniflokka eru alvarlegustu aukaverkanirnar taldar upp fyrst.

Tafla 3: Aukaverkanir INCIVO (tekið í samsettri meðferð með peginterferoni alfa og ribavíríni) sem voru a.m.k. miðlungsmiklar (\geq stig 2) hjá HCV-sýktum sjúklingum í klínískum rannsóknum^a og eftir markaðssetningu		
Líffæra kerfi	Tíðniflokkun	Aukaverkanir INCIVO, peginterferon alfa og ribavírín í samsettri meðferð
Sýkingar af völdum sýkla og sníkjudýra	algengar	hvítuveppasýking í munni
Blóð og eitlar	mjög algengar	blóðleysi
	algengar	blóðflagnafæð ^b , eitulfrumnafæð ^b
Innkirtlar	algengar	skjaldvakabrestur
Efnaskipti og næring	algengar	þvagsýruhækkun í blóði ^b , blóðkalíumlækkun ^b
	sjaldgæfar	þvagsýrugigt
Taugakerfi	algengar	bragðskynstruflun, yfirlið
Augu	sjaldgæfar	sjónukvilli

Meltingarfæri	mjög algengar	ógleði, niðurgangur, uppköst, gyllinæð, verkur í endaparmi
	algengar	endaþarmskláði, endaparmsblæðing, sprunga í endaparmi
	sjaldgæfar	endaþarmsbólga, brisbólga
Lifur og gall	algengar	gallrauðadreyri ^b
Húð og undirhúð	mjög algengar	kláði, útbrot
	algengar	exem, þroti í andliti, flagnandi útbrot
	sjaldgæfar	lyfjaútbrot með eósinfíklageri og almennum einkennum (DRESS), ofsakláði
	mjög sjaldgæfar	Stevens-Johnson heilkenni, eitrunardrep í húðþekju, regnbogaroðasótt
Sjúkdómar í nýrum og þvafærum	sjaldgæfar	hækkun kreatínins í blóði ^b , blöðnituraukning vegna minnkaðs blóðflæðis um nýru (pre-renal azotemia) með eða án bráðrar nýrnabilana
Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á íkomustað	algengar	bjúgur í útlimum, óeðlilegt bragð af lyfinu

^a Í II. stigs og III. stigs samanburðarrannsóknunum með lyfleysu (sameinuð gögn) voru 1.346 HCV-sýktir sjúklingar

^b tíðnitölur eru byggðar á tilkynningum um aukaverkanir (sjá einnig *Óeðlilegar rannsóknaniðurstöður* hér að neðan)

Í greiningu á viðbótarrannsókn, rannsókn C211, var öryggi við samsetta meðferð með INCIVO 1.125 mg tvisvar sinnum á sólarhring svipað og öryggi hjá sjúklingum sem fengu samsetta meðferð með INCIVO 750 mg á 8 klst. fresti. Ekkert nýtt kom fram varðandi öryggi.

Óeðlilegar rannsóknaniðurstöður

Valdar óeðlilegar rannsóknaniðurstöður sem voru a.m.k. niðringmiklar aukaverkanir (\geq stig 2), sem benda til versunar frá grunnildi og eru flokkaðar sem aukaverkanir sem fram komu hjá HCV-sýktum sjúklingum sem voru meðhöndlaðir með INCIVO í samsettri meðferð, úr sameinuðum gögnum úr II. stigs og III. stigs samanburðarrannsóknunum með lyfleysu eru settar fram í eftirfarandi töflu:

Tafla 4: Valdar óeðlilegar rannsóknaniðurstöður (DAIDS^a stig \geq 2), sem benda til versunar frá grunnildi og eru flokkaðar sem aukaverkanir hjá HCV-sýktum sjúklingum sem voru meðhöndlaðir með INCIVO í samsettri meðferð, úr sameinuðum gögnum úr II. stigs og III. stigs samanburðarrannsóknunum með lyfleysu				
		Stig 2	Stig 3	Stig 4
Hækkun^b				
	þvafgýra	17,9% (10,1-12,0 mg/dl)	4,6% (12,1-15,0 mg/dl)	1,1% ($>$ 15,0 mg/dl)
	bilirúbín	13,6% (1,6-2,5 x ULN)	3,6% (2,6-5,0 x ULN)	0,3% ($>$ 5,0 x ULN)
	heildarkólesteról	15,4% (6,20– 7,77 mmól/l 240 - 300 mg/dl)	2,0% ($>$ 7,77 mmól/l $>$ 300 mg/dl)	NA
	fituprótein með lágan eðlismassa (LDL)	6,9% (4,13– 4,90 mmól/l 160–190 mg/dl)	2,5% (\geq 4,91 mmól/l \geq 191 mg/dl)	NA
	kreatínín	0,9% (1,4–1,8 x ULN)	0,2% (1,9-3,4 x ULN)	0% ($>$ 3,4 x ULN)
Lækkun^b				
	blóðrauði	27,0% (9,0-9,9 g/dl eða sérhver	51,1% (7,0-8,9 g/dl eða sérhver	1,1% ($<$ 7,0 g/dl)

	lækkun 3,5-4,4 g/dl)	lækkun \geq 4,5 g/dl)	
blóðflagnafjöldi	24,4% (50.000– 99.999/mm ³)	2,8% (25.000– 49.999/mm ³)	0,2% ($<$ 25.000/mm ³)
heildarfjöldi eítílfrumna	13,1% (500-599/mm ³)	11,8% (350-499/mm ³)	4,8% ($<$ 350/mm ³)
kalíum	1,6% (2,5–2,9 mEq/l)	0% (2,0-2,4 mEq/l)	0% ($<$ 2,0 mEq/l)

NA = á ekki við

^a Tafla DAIDS (greiningar á alnæmi (Division of AIDS)) með flokkun á alvarleikastigi aukaverkana hjá fullorðnum og börnum (DAIDS, útgáfa 1.0, desember 2004) var notuð í sameinaða gagnasafninu fyrir rannsóknaniðurstöður.

^b Tíðnin var reiknuð út frá fjölda sjúklinga fyrir hverja breytu.

Flestar rannsóknaniðurstöður ná aftur þeim gildum sem sáust við meðferð með peginterferoni alfa og ribavírini í 24. viku, nema blóðflagnafjöldi sem er áfram lægri en við meðferð með peginterferoni alfa og ribavírini fram að 48. viku (sjá kafla 4.4).

Aukin þvagsýra í sermi er mjög algeng á meðan samsettri meðferð með INCIVO og peginterferoni alfa og ribavírini stendur. Eftir að meðferð með INCIVO lýkur lækka þvagsýrni gíndi venjulega á næstu 8 vikum og eru sambærileg við það sem sést hjá sjúklingum sem fá aðeins peginterferon alfa og ribavírín.

Lýsing á völdum aukaverkunum

Útbrot

Greint hefur verið frá alvarlegum, hugsanlega lífshættulegum og banvænum viðbrögðum í húð við notkun INCIVO í samsettri meðferð, m.a. DRESS, Stevens-Johnson heilkenni og drep í húðþekju (sjá kafla 4.4). Í II. stigs og III. stigs samanburðarrannsóknunum með lyfleysu jókst heildartíðni og alvarleiki útbrot þegar INCIVO var gefið samhliða peginterferoni alfa og ribavírini. Á meðan INCIVO meðferð stóð var greint frá útbrotum (af öllum stigum) hjá 55% sjúklinga sem fengu INCIVO í samsettri meðferð og hjá 33% sjúklinga sem fengu peginterferon alfa og ribavírín.

Meira en 90% útbrotu voru væg eða í meðallagi að alvarleika. Útbrot sem tilkynnt var um á meðan samsettri meðferð með INCIVO stóð voru greind sem dæmigerð exemútbrot með kláða sem þöktu minna en 30% af líkamsyfirborðinu. Helmingur útbrotanna komu fram á fyrstu 4 vikunum en útbrot geta komið fram hvenær sem er á meðan samsettri meðferð með INCIVO stendur. Ekki er þörf á að hætta samsettri meðferð með INCIVO vegna vægra eða í meðallagi mikilla útbrotu.

Sjá ráðleggingar um enntil með útbrotum og stöðvun meðferðar með INCIVO, ribavírini og peginterferoni alfa (kafla 4.4). Fylgjast skal með sjúklingum sem fá væg til í meðallagi mikil útbrot m.t.t. versunar. Sama sem áður var versnun ekki algeng (færri en 10%). Í klínískum rannsóknum voru flestum sjúklingunum gefin andhistamín og barksterar til staðbundinnar notkunar. Útbrotin hverfa eftir að meðferð með INCIVO er lokið eða henni er hætt, en þó getur tekið nokkrar vikur fyrir útbrotin að hverfa.

Blóðleysi

Í II. stigs og III. stigs samanburðarrannsóknunum með lyfleysu var greint frá blóðleysi (af öllum stigum) hjá 32,1% sjúklinga sem fengu INCIVO í samsettri meðferð og hjá 14,8% sjúklinga sem fengu peginterferon alfa og ribavírín. Skammtar ribavíríns voru minnkaðir til að ráða bót á blóðleysi. Minnka þurfti skammt ribavíríns vegna blóðleysis hjá 21,6% sjúklinga sem fengu INCIVO í samsettri meðferð samanbúið við 9,4% sjúklinga sem fengu eingöngu peginterferon alfa og ribavírín. Yfirleitt mátti ekki nota rauðkornavaka (erythropoiesis-stimulating agents) og þeir voru aðeins notaðir hjá 1% sjúklinga í II. stigs og III. stigs samanburðarrannsóknunum með lyfleysu. Í II. stigs og III. stigs samanburðarrannsóknunum með lyfleysu var greint frá blóðgjöf í INCIVO/lyfleysu fasa meðferðarinnar hjá 2,5% sjúklinga sem fengu samsetta meðferð með INCIVO og 0,7% sjúklinga sem fengu peginterferon alfa og ribavírín eingöngu. Tíðni blóðgjafa á rannsóknatímabilinu í heild var 4,6% og 1,6% hjá hvorum hópi fyrir sig. Í II. stigs og III. stigs samanburðarrannsóknunum með lyfleysu hættu 1,9% sjúklinga

meðferð með INCIVO eingöngu vegna blóðleysis og 0,9% sjúklinga hættu samsettri meðferð með INCIVO vegna blóðleysis samanborið við 0,5% sem fengu peginterferon alfa og ribavírín (sjá kafla 4.4).

Einkenni frá endaparmsopi og endaparmi

Í klínískum rannsóknum voru flestar þessar aukaverkanir (t.d. blæðingar, óþægindi í endaparmsopi og endaparmi, endaparmskláði og endaparmssviði) vægar eða í meðallagi miklar, mjög fáar leiddu til þess að meðferð væri hætt, og yfirleitt hurfu þær eftir að meðferð með INCIVO var hætt.

Sjúklingar sem einnig eru HIV-1 sýktir

Heildaröryggi INCIVO hjá sjúklingum sem eru bæði HCV og HIV-1 sýktir (annaðhvort ekki á andretróveirumeðferð eða á andretróveirumeðferð) var svipað og hjá sjúklingum sem voru eingöngu HCV sýktir, nema hjá sjúklingum sem fengu atazanavir/ritonavir en hjá þeim kom oft fram tímabundin aukning á óbundnu bilirúbíni (þ.m.t. af stigi 3 til 4) út 2. viku, sem varð aftur nálægt upphafsgildi í 12. viku (sjá kafla 4.4).

Lifrarþegar án skorpulifrar

Heildaröryggi INCIVO meðferðar hjá lifrarþegum með HCV-1 sýkingu, sem höfðu ekki fengið meðferð áður svo og sjúklingum sem höfðu fengið meðferð áður og eru stöðugt á meðferð með ónæmisbælandi lyfi tacrolimus eða ciclosporíni A, var almennt svipað og öryggi INCIVO hjá sjúklingum án sögu um lifrarígræðslu þótt oftar hafi verið greint frá blóðleysi (5,4% á móti 32,1% í sameinuðu mati á öryggi í II.-III. stigs rannsóknum) meðan á INCIVO meðferðarfasa stóð. Til að ráða bót á blóðleysi var minni upphafsskammtur af ribavíríni (600 mg/sólarhring) notaður við upphaf INCIVO meðferðar. Meðan á öllum meðferðarfasanum stóð var skammtur ribavíríns minnkaður enn frekar hjá 36,5% sjúklinga, 41,9% fengu rauðkornavaka (erythropoiesis-stimulating agents) og 21,6% fengu blóðgjöf (sjá kafla 4.4 og 4.5, Ónæmisbælandi lyf).

Börn

Ekki hefur enn verið sýnt fram á öryggi og verkur INCIVO hjá börnum < 18 ára. Engar upplýsingar liggja fyrir.

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#).

4.9 Ofskömmtun

Hæsti skráði skammtur af INCIVO sem hefur verið gefinn er 1.875 mg á 8 klst. fresti í 4 sólarhringa hjá heilbrigðum sjálfbóðaliðum. Í þessari rannsókn var greint oftar frá eftirfarandi algengum aukaverkunum með skammtinum 1.875 mg á 8 klst. fresti heldur en skammtinum 750 mg á 8 klst. fresti: óþeði, höfuðverkur, niðurgangur, minnkuð matarlyst, bragðskynstruflun og uppköst.

Ekki sé tækt móteitur er til við ofskömmtun með INCIVO. Meðferð við ofskömmtun með INCIVO byggist á almennri stuðningsmeðferð, þar með talið eftirliti með lífsmörkum og klínísku ástandi sjúklingsins. Ef við á skal fjarlægja virka efnið sem ekki hefur frásogast, með því að koma af stað uppköstum eða með magaskolun. Magaskolun ætti aðeins að framkvæma ef hægt er að koma henni við innan klukkustundar frá töku lyfsins. Einnig má gefa lyfjakol til að hjálpa til við að fjarlægja virkt efni sem ekki hefur frásogast.

Ekki er þekkt hvort hægt sé að fjarlægja telaprevir með kviðskilun eða blóðskilun.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Veirulyf með beina verkun, ATC flokkur: J05AE11.

Verkunarháttur

Telaprevir er hemill á HCV NS3•4A serín próteasa sem er nauðsynlegur fyrir eftirmyndun veira.

In vitro rannsóknir

Verkun telaprevirs gegn HCV

Í greiningu á eftirmyndunareiningum HCV af undirgerð 1b, var IC_{50} gildi telaprevirs gegn villigerð HCV 0,354 μM , svipað og við greiningu á smitandi veiru af undirgerð 1a þar sem IC_{50} var 0,28 μM .

Ónæmi

HCV afbrigði sem tengdust veirufræðilegum meðferðarbresti eða bakslagi voru metin eftir stökkbreytingum á ákveðnum setum, í greiningu á eftirmyndunareiningum. Afbrigði V36A/M, T54A/S, R155K/T, og A156S sýndu lægri gildi m.t.t. *in vitro* ónæmis fyrir telapreviri (3 til 25-falda hækkun á IC_{50} telaprevirs) en A156V/T og V36M+R155K afbrigðin sýndu hætt gildi m.t.t. *in vitro* ónæmis fyrir telapreviri (25-falda hækkun á IC_{50} telaprevirs). Afbrigði eftirmyndunareininga gerðum úr runum frá sjúklingum sýndu svipaðar niðurstöður.

Geta telaprevir-ónæmra afbrigða til eftirmyndunar *in vitro* var minni en geta villigerðar veira.

Krossónæmi

Telaprevir-ónæm afbrigði voru prófuð m.t.t. krossónæmis fyrir próteasahemlum dæmigerðum fyrir HCV eftirmyndunareiningakerfið. Eftirmyndunareiningar með staka útskiptingu á stað 155 eða stað 156 og tvöföld afbrigði með útskiptingu á leifum 156 og 155 sýndu krossónæmi fyrir öllum próteasahemlum sem voru næmisprófaðir með við æku næmisprófi. Öll þau telaprevir-ónæmu afbrigði sem prófuð voru héldust fullkomlega næm fyrir interferoni-alfa, ribaviríni og dæmigerðum HCV núkleósíð pólýmerasahemlum og pólýmerasahemlum sem ekki eru núkleósíð, í eftirmyndunareiningakerfinu. Engar klínískar upplýsingar liggja fyrir um endurtekna meðferð hjá sjúklingum sem ekki hafa svarað meðferð sem byggð er á HCV NS3-4A próteasahemli, eins og telapreviri, né heldur um endurteknar meðferðarlotur með telapreviri.

Klínískar veirufræðilegar rannsóknir

Í klínískum II stigs og III stigs rannsóknum á telapreviri var sjaldgæft að sjúklingar sem ekki höfðu fengið meðferð áður og þin taklingar sem urðu fyrir meðferðarbresti, væru fyrst og fremst með telaprevir-ónæm afbrigði (V36M, T54A og R155K < 1% og T54S 2,7%) í upphafi (áður en meðferð hófst). Ónæmi í upphafi, sem aðallega er fyrir telapreviri, útilokar ekki árangursrika meðferð með telapreviri, þegar interferoni alfa og ribaviríni. Áhrif yfirgnæfandi telaprevir-ónæmra afbrigða við grunnlínu eru sannilega mest hjá sjúklingum sem svara illa interferoni, eins og sjúklingum sem hafa ekki svarað áður.

Alls urðu 215 af 1.169 sjúklingum sem voru á T12/PR meðferð í klínískri III. stigs rannsókn fyrir veirufræðilegum meðferðarbresti ($n = 125$) eða bakslagi ($n = 90$) meðan á meðferð stóð. Samkvæmt raðgreiningu HCV hjá þessum 215 sjúklingum, greindust telaprevir-ónæm HCV afbrigði hjá 105 (84%) þeirra sem urðu fyrir veirufræðilegum meðferðarbresti og hjá 55 (61%) þeirra sem fengu bakslag, en veira af villigerð greindist hjá 15 (12%) þeirra sem urðu fyrir veirufræðilegum meðferðarbresti og hjá 24 (27%) þeirra sem fengu bakslag. Upplýsingar úr HCV raðgreiningu lágu ekki fyrir hjá 16 (7%) sjúklingum. Raðgreining á telaprevir-ónæmum afbrigðum sýndi útskiptingar á 4 stöðum á NS3-4A próteasasvæðinu, sem er í samræmi við verkunarhátt telaprevirs (V36A/M, T54A/S, R155K/T, og A156S/T/V). Í C211, III. stigs klínísku rannsókninni, var enginn munur á afbrigðum sem komu fram milli sjúklinga sem fengu telaprevir 1.125 mg tvisvar sinnum á sólarhring og sjúklinga sem fengu 750 mg á 8 klst fresti. Svipað hlutfall sjúklinga í báðum meðferðarhópnum var með telaprevir-ónæm afbrigði þegar meðferðarbrestur varð. Veirufræðilegur meðferðarbrestur á telaprevir meðferð varð fyrst og fremst í tengslum við afbrigði með ónæmi á háu stigi (higher-level),

en bakslag fyrst og fremst í tengslum við afbrigði með ónæmi á lágu stigi (lower-level) eða veiru af villigerð.

Sjúklingar með HCV arfgerð 1a höfðu aðallega V36M og R155K stök og samsett afbrigði, en sjúklingar með HCV arfgerð 1b höfðu aðallega V36A, T54A/S og A156S/T/V afbrigði. Þessi munur er líklega vegna hærri erfðafræðilegs þröskuldar fyrir V36M og R155K útskiptingum hjá arfgerð 1b en arfgerð 1a. Meðal sjúklinga sem fengu meðferð með telapreviri var veirufræðilegur meðferðarrestur meðan á meðferð stóð tíðari hjá sjúklingum með arfgerð 1a en arfgerð 1b og tíðari hjá þeim sem ekki höfðu svarað fyrri meðferð en hjá öðrum hópum (þeim sem ekki höfðu fengið meðferð, þeim sem fengið höfðu bakslag, þeim sem höfðu svarað meðferð að einhverju leyti, sjá kafla 5.1, Klínísk reynsla, Verkun hjá fullorðnum sem hafa fengið meðferð áður).

Ónæmismyndin sem kom fram í rannsókn HPC3008 hjá sjúklingum með bæði HCV/HIV-1 sýkingu var svipuð ónæmismyndinni hjá sjúklingum eingöngu með HCV sýkingu.

Ónæmismyndin sem kom fram í rannsókn HPC3006 hjá lifrabæjum með HCV-1 sýkingu sem höfðu ekki fengið meðferð áður svo og sjúklingum sem höfðu fengið meðferð áður og sem voru stöðugir á meðferð með ónæmibælandi lyfi tacrolimus eða ciclosporíni A var svipuð og ónæmismyndin hjá sjúklingum með HCV sýkingu sem voru ekki lifrabæjar.

Eftirfylgnigreining á sjúklingum sem fengu meðferð með INCIVO og náðu ekki viðvarandi veirufræðilegri svörum (sustained virologic response (SVR)) sýndi að þeim af villigerð fjölgaði og telaprevir-ónæm afbrigði hættu smám saman að greinast eftir að meðferð með telapreviri var hætt. Af alls 255 sjúklingum sem ýmist höfðu fengið meðferð áður eða ekki í III. stigs rannsóknum 108, 111 og C216, þar sem telaprevir-ónæm afbrigði komu fram meðan á meðferð stóð, höfðu 152 (60%) sjúklingar ekki lengur ónæm afbrigði samkvæmt raðgreiningu (miðgildi tímalengdar eftirfylgni var 10 mánuðir). Af þeim 393 ónæmu afbrigðum sem greindust hjá þessum 255 sjúklingum, greindust 68% af NS3-36, 84% af NS3-54, 59% af NS3-155, 86% af NS3-156, og 52% af NS3-36M+NS3-155K ekki lengur.

Í eftirfylgnirannsókn á 98 sjúklingum sem höfðu ekki fengið meðferð áður eða höfðu orðið fyrir meðferðarrest, sem fengu meðferð með INCIVO í II. eða III. stigs rannsókn og náðu ekki viðvarandi veirufræðilegri svörum, greindust telaprevir-ónæm afbrigði ekki lengur hjá 85% (83/98) sjúklinga (miðgildi eftirfylgni var 27,5 mánuðir). Klónaraðgreining á undirhópi sjúklinga með HCV af villigerð samkvæmt raðgreiningu (n = 20), þar sem algengi ónæmra afbrigða fyrir upphaf telaprevir meðferðar og algengi þeirra við eftirfylgni var borin saman, sýndi að fjöldi HCV afbrigða var aftur orðinn sá sem hann var fyrir meðferð hjá öllum sjúklingunum. Miðgildi tíma fram að því að telaprevir-ónæm afbrigði urðu mælanleg, samkvæmt raðgreiningu þýðis, var lengri fyrir afbrigði NS3-36 (6 mánuðir), NS3-155 (9 mánuðir) og NS3-36M+NS3-155K (12 mánuðir), sem aðallega sáust hjá sjúklingum með arfgerð 1a, en fyrir afbrigði NS3-54 (2 mánuðir) og NS3-156 (3 mánuðir) sem sáust aðallega hjá sjúklingum með arfgerð 1b.

Klínísk verkan og öryggi

Öryggi og verkun notkunar INCIVO við langvinnri lifrabólgu C af arfgerð 1 var metin í fjórum III. stigs rannsóknum: 3 rannsóknir hjá sjúklingum sem ekki höfðu fengið meðferð áður og 1 rannsókn hjá sjúklingum sem höfðu fengið meðferð áður (þeim sem fengið höfðu bakslag, þeim sem höfðu svarað meðferð að einhverju leyti og þeim sem ekki höfðu svarað meðferð). Sjúklingar í þessum rannsóknum, 108, 111 og C216, voru með lifrarsjúkdóm en starfhæfa lifur, mælanlegt HCV RNA og veirufræðilega meingerð í lifur sem samræmist langvinnri lifrabólgu C. Nema annað sé tilgreint voru gefin 750 mg af INCIVO á 8 klst. fresti; 180 µg/viku af peginterferoni alfa-2a og 1.000 mg/sólarhring af ribaviríni (sjúklingum < 75 kg) eða 1.200 mg/sólarhring (sjúklingum ≥ 75 kg). Plasmabéttni HCV RNA var mæld með COBAS® TaqMan® HCV greiningarprófi (útgáfu 2.0), til notkunar með „High Pure System“. Í greiningarprófinu voru neðri mörk magngreiningar 25 a.e./ml.

Í lýsingu á niðurstöðum III. stigs rannsóknanna 108, 111 og C216 var viðvarandi veirufræðileg svörum, álitin veirufræðileg lækning, skilgreind á grundvelli mælinga á HCV RNA innan tímaramma heimsóknar í 72. viku rannsóknarinnar, þar sem notuð var síðasta mælingin innan tímarammans. Ef

ekki voru fyrirbyggjandi upplýsingar innan tímaramma heimsóknar í 72. viku var notast við síðustu fyrirbyggjandi niðurstöður frá tímamarkum HCV RNA mælinga frá og með 12. viku. Auk þess voru magnmörk 25 a.e./ml notuð við ákvörðun viðvarandi veirufræðilegrar svörunar.

Í lýsingu á niðurstöðum III. stigs rannsókna C211, HPC3008 og HPC3006 var viðvarandi veirufræðileg svörun (SVR12), álitin veirufræðileg lækning, skilgreind á grundvelli þess að HCV RNA væri fyrir neðan mörk magngreiningar (25 a.e./ml) í síðustu mælingu innan tímaramma heimsóknar tólf vikum eftir áætluð meðferðarlok.

Verkun hjá fullorðnum sem ekki hafa fengið meðferð áður

Rannsókn C211

Rannsókn C211 var slembuð, opin, III. stigs rannsókn, gerð hjá sjúklingum, sem ekki höfðu fengið meðferð áður, sem var slembiraðað í annan af tveimur meðferðarhópnum: INCIVO 750 mg á 3 klst. fresti [T12(q8h)/PR] eða INCIVO 1.125 mg tvisvar sinnum á sólarhring [T12(b.i.d.)/PR] ásamt peginterferoni alfa-2a og ribaviríni. Aðalmarkmið rannsóknarinnar var að sýna fram á jafngildi meðferðar T12(b.i.d.)/PR og meðferðar T12(q8h)/PR. Allir sjúklingarnir fengu 12 vikna meðferð með INCIVO ásamt peginterferoni alfa-2a og ribaviríni. Eftir 12 vikur var meðferð með INCIVO hætt og sjúklingarnir héldu áfram á meðferð með peginterferoni alfa-2a ásamt ribaviríni. Heildar meðferðartími var ákvarðaður einstaklingsbundið á grundvelli veirufræðilegrar svörunar sjúklinga á meðferðartíma. Ef HCV RNA var ómælanlegt (það sem meðferðin beindist að greindist ekki) eftir 4 vikur var heildar meðferðartími 24 vikur. Annars var heildar meðferðartími 48 vikur.

Hjá þeim 740 sjúklingum sem voru teknir inn í rannsóknina var miðgildi aldurs 51 ár (á bilinu: 18 til 70); 60% sjúklinganna voru karlmenn; 21% voru með líkamsþyngdarstuðul ≥ 30 kg/m²; 5% voru svartir, 2% asískir; 85% höfðu HCV RNA upphafsgildi ≥ 800.000 a.e./ml; 15% höfðu bandvefsaukningu í lifur (bridging fibrosis); 14% voru með kornpulifur; 57% höfðu HCV arfgerð 1a; og 43% höfðu HCV arfgerð 1b.

Tíðni viðvarandi veirufræðilegrar svörunar (SVR12) hjá T12(b.i.d.)/PR hópnum var 74% (274/369) samanborið við 73% (270/371) hjá T12(q8h)/PR hópnum með 95% öryggismörk mismunar: -4,9%; 12,0%. Lægrri mörk 95% öryggismarka (-4,9%) voru hærri en fyrirfram ákvörðuð mörk jafngildis sem voru -11% og þess vegna var sýnt fram á jafngildi T12(b.i.d.)/PR og T12(q8h)/PR. Tafla 5 sýnir tíðni svörunar í T12(b.i.d.)/PR hópnum og T12(q8h)/PR hópnum.

Tafla 5: Tíðni svörunar í rannsókn C211	T12(b.i.d.)/PR N = 369 % (n/N)	T12(q8h)/PR N = 371 % (n/N)
Meðferðarárangur		
Viðvarandi veirufræðileg svörun (SVR12)	74% (274/369)	73% (270/371)
Ógreinanlegt HCV RNA (það sem meðferðin beindist að greindist ekki) í 4. viku ^a	69% (256/369)	67% (250/371)
Ógreinanlegt HCV RNA (það sem meðferðin beindist að greindist ekki) í 4. og 12. viku	66% (244/369)	63% (234/371)
Viðvarandi veirufræðileg svörun hjá sjúklingum með ógreinanlegt HCV RNA (það sem meðferðin beindist að greindist ekki) í 4. og 12. viku	89% (218/244)	89% (209/234)
Viðvarandi veirufræðileg svörun hjá sjúklingum sem ekki höfðu ógreinanlegt HCV RNA (það sem meðferðin beindist að greindist ekki) í 4. og 12. viku	45% (56/125)	45% (61/137)
Sjúklingar sem náðu ekki viðvarandi veirufræðilegri svörun	26% (95/369)	27% (101/371)
Veirufræðilegur meðferðarrestur á meðferðartíma ^b	10% (38/369)	10% (36/371)
Bakslag ^c	8% (23/300)	6% (19/293)

Aðrir ^d	9% (34/369)	12% (46/371)
--------------------	-------------	--------------

T12(b.i.d.)/PR: INCIVO 1.125 mg tvisvar sinnum á sólarhring í 12 vikur ásamt peginterferoni alfa-2a og ribaviríni í 24 eða 48 vikur; T12(q8h)/PR: INCIVO 750 mg á 8 klst. fresti í 12 vikur ásamt peginterferoni alfa-2a og ribaviríni í 24 eða 48 vikur

^a Sjúklingar með áætlaðan 24 vikna heildarmedferðartíma.

^b Með veirufræðilegum meðferðarbresti á meðferðartíma er átt við þá sjúklinga sem uppfylltu veirufræðilega stöðvunarreglu rannsóknaráætlunarinnar og/eða veirugegnubrot kom til.

^c Bakslag var skilgreint sem minna en 25 a.e./ml við áætluð meðferðarlok og síðan í kjölfarið HCV RNA \geq 25 a.e./ml í síðustu mælingu sem fór fram innan ramma eftirfylgniheimsóknar með tilliti til viðvarandi veirufræðilegrar svörunar. Við útreikninga á tíðni bakslags sýnir nefnarinn fjölda sjúklinga með svörun í meðferðarlok (HCV RNA < 25 a.e./ml).

^d Aðrir felur í sér sjúklinga með greinanlegt HCV RNA við áætluð meðferðarlok en veirugegnubrot kom ekki til og sjúklinga sem höfðu ekki verið metnir með tilliti til viðvarandi veirufræðilegrar svörunar í áætlaðri eftirfylgniheimsókn.

Tafla 6 sýnir tíðni viðvarandi veirufræðilegrar svörunar eftir IL28B arfgerð og stigi bandvefsmyndunar í lifur við grunnlínu.

Tafla 6: Tíðni viðvarandi veirufræðilegrar svörunar: Rannsókn C211		
Undirhópur	T12(b.i.d.)/PR N = 369 % (n/N)	T12(q8h)/PR N = 371 % (n/N)
IL28B arfgerð		
CC	92% (97/105)	87% (92/106)
CT	67% (139/206)	68% (141/208)
TT	66% (38/58)	65% (37/57)
Bandvefsmyndun í lifur við grunnlínu		
Engin bandvefsmyndun eða bandvefsmyndun í lágmarki	80% (138/172)	79% (140/177)
Bandvefsaukning í lifur (portal fibrosis)	79% (75/95)	80% (68/85)
Bandvefsaukning í lifur (bridging fibrosis)	67% (32/48)	64% (38/59)
Skorpulifur	54% (29/54)	49% (24/49)

T12(b.i.d.)/PR: INCIVO 1.125 mg tvisvar sinnum á sólarhring í 12 vikur ásamt peginterferoni alfa-2a og ribaviríni í 24 eða 48 vikur.

T12(q8h)/PR: INCIVO 750 mg á 8 klst. fresti í 12 vikur ásamt peginterferoni alfa-2a og ribaviríni í 24 eða 48 vikur.

Rannsókn 108 (ADVANCE)

